



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

12. desember 2005 – 336. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Jólabókaflóðið

Hljóta það ekki að teljast ein helstu tíðindi þessa bókmenntaárs að Þórarinn Eldjárn skuli nú senda frá sér ljóðabók handa fullorðnu fólki? Segir Guðmundur Andri Thorsson.



Í DAG 22



Verður alltaf friskari

Gísli S. Einarsson, fyrrverandi alþingismaður, heldur upp á sextugsafmælið í kóngsins Kaupmannahöfn.

TÍMAMÓT 26


Vilhjalmur rotaðist

Hrakfallabákurinn Vilhjalmur Halldórsson rotaðist í Evrópuleik með Skjern í gær. Hann er væntanlega nefnbrotinn en ætlar þrátt fyrir það að spila handbolta um næstu helgi.



ÍPRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ VERÐUR STÍF vestanátt í dag með rigningu sunnan- og vestanlands. Þurrir annars og bjartviðri á Austurlandi. Hiti 0-5 stig en vægt frost í innsvæitum.

VEÐUR 4

Tugir særðust í sprengingu í olíubirgðastöð við London

Mesta sprenging sem orðið hefur í Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni varð í olíubirgðastöð skammt frá London. Mildi þykir að enginn skyldi farast. Rúmlega 40 slösuðust þar af tveir alvarlega. Ekki er talið að hryðjuverkamenn hafi staðið fyrir sprengingunni þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar þess efnis.

ENGLAND, AP 43 manneskjur slösuðust, þar af tvær alvarlega, eftir að gífurlegar sprengingar urðu í einni af stærstu olíubirgðastöð Bretlands í London snemma í gærmorgun. Birgðastöðin nefnist Buncefield og er staðsett rétt fyrir utan bæinn Hemel Hempstead norður af London.

Svo virðist sem slys hafi valdið sprengingunum en ekki hryðjuverk eins og einhverjir héldu í fyrstu. Lögreglan í Bretlandi bjóst við því að sprengingar á svæðinu myndu halda áfram í langan tíma í gær, en 16 milljónir lítra af olíu voru geymdir þar.

Rúður í nágrenninu brotnuðu og húsi voru umkringd miklum reykjarmekki. Náði reykjarstrókurinn við birgðastöðina allt að 3000 metra upp í loftið. „Þetta er mjög stór geymsla og hún á eftir að brenna í töluverðan tíma,“ sagði Frank Whiteley, yfirmaður hjá lögreglunni í Hertfordskíri í gær. „En þetta er allt undir fullri stjórn.“

Ekkert benti til þess að hryðjuverkamenn hefðu valið sprengingunum þrátt fyrir að al-Kaída samtökin hafi lengi hótað því að eyðileggja eldsneytisbirgðir vestrænna ríkja. Bretar hafa verið mjög á varðbergi gagnvart hryðjuverkamönnum síðan sprengingar urðu í lestarakerfi landsins í júlí af völdum sjálfsmorðsárása. Þá fórust 56, þar á meðal fjórir sjálfsmorðsárasmenn.

„Allt bendir til þess að þetta hafi verið slys,“ sagði Whiteley. „Samt sem áður verðum við að



REYKJARSTRÓKUR Mikill reykjarstrókur myndaðist þegar olían brann í Buncefield-birgðastöðinni norður af London í gær. 43 manneskjur slösuðust í sprengingunum sem urðu snemma í gærmorgun.

halda öllum möguleikum opnum þar til við vitum fyrir vist hvað gerðist.“

Mannskæðasta olíuslys Bretlands til þessa varð 6. júlí 1988 þegar 167 verkamenn fórust í miklum eldsvoða á olíuborþallinum Piper Alpha undan ströndum Skotlands. Árið 1994 kviknaði í olíugeymslustöð í Milford Haven í Wales. 26 verkamenn slösuðust og milljarðatjón varð. Olíufyrirtækin Texaco og Gulf voru í framhaldinu sektuð fyrir að brjóta heilbrigðis- og öryggisreglur.

Buncefield er fimmta stærsta olíubirgðastöð Bretlands en þær eru um fimmtíu talsins. Sér hún um 5% af allri olíunotkun Breta.

-fb

Íslensk kona í London:

Reykurinn skyggði á sólina

Brynhildur Birgisdóttir kvikmyndaframleiðandi býr í Hackney-hverfinu í austurhluta London og sá þykkann reykjarmökk leggja yfir borgina í gær.

„Það var sól og blíða en svo sá maður allt einu þegar grái reykurinn var að koma yfir. Ég og vinkona mín litum upp og sáum hvernig olíureykurinn kom upp,“ segir Brynhildur, sem varð ekki vör við sprengingarnar í olíubirgðastöðinni. Hún segir að vond mengunarklykt hafi verið í borginni en þó hafi hún ekki átt erfitt með að anda loftinu að sér.

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir segist alls ekki hafa átt von á að sigra á laugardaginn:

Missti gjörsamlega andlitið

FEGRDARSAMKEPPNIR „Ég gjörsamlega missti andlitið,“ segir Unnur Birna Vilhjálmsdóttir um sín fyrstu viðbrögð við sigrinum í fegurðarsamkeppninni Ungfrú heimur í Kína um helgina.

Hún segist hafa verið mjög hissa á að komast í sex stúlkna úrslit og í raun hætt að hugsa um sigur í keppninni, þannig að þegar úrslitin urðu ljós hafi allt orðið þokukennt. „Ég man varla eftir því að hafa staðið þarna og veifað.“

Nú tekur við mikill annatími hjá Unni Birnu. Sem dæmi má nefna mikla heimsreiðu en hún er farin í því skyni að safna peningum til góðgerðamála. „Ég mun heimsækja allar heimsálfurnar og

kem ábyggilega til svona hundrad borga,“ segir hún, en áður en af þessu verður fær hún þó að skreppa heim til að halda jól.

Þá segist Unnur Birna ekki ætla að láta keppnina raska öllum framtíðaráætlunum. Til dæmis ætlar hún að halda áfram lögfræðinámi sínu við Háskólann í Reykjavík. „Miss World samtök in hvetja mig til að halda áfram námi og borga til að mynda öll skólagjöld fyrir mig. Ég ætla því að reyna að sinna skólanum eitthvað.“ - þg/óká / sjá síðu 6

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR Unnur Birna hafði betur en 101 önnur stúlka í slagnum um hver yrði valin Ungfrú heimur á laugardag.



MYND/AP

VÍKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000

12 DAGAR TIL JÓLA

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN



SPURNING DAGSINS

Ólafur, er ekki komin pressa á þig að verða herra heimur?

Tja, þegar stórt er spurt verður fátt um svör.

Ólafur Geir Jónsson er herra Ísland en ungfrú Ísland, Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, var valin ungfrú heimur á laugardaginn.

Þingkosningar í Írak:

Brotfluttur eru kosningabærir

ÍRAK, AP Fjölmargir Írakar sem eru búsettir utan heimalands síns fá á þriðjudag að kjósa í þingkosningum landsins.

Kosningarnar fara fram í Írak á fimmtudag en atkvæði verða greidd erlendis á þriðjudag og miðvikudag. Atkvæðagreiðslan fer fram í fimmtán löndum, þar á meðal í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Um ein og hálf milljón Íraka býr utan heimalands síns.

LÖGREGLUFRETTIR

Bílvelta í Ólafsvík Bílvelta varð á Útnesvegi við Breið í Ólafsvík rétt fyrir miðnætti á laugardagkvöld. Bíllinn er talinn vera ónýtur en ökumaðurinn var fluttur á heilsugæslustöðina þar sem hann fékk plástur á skurð. Hann var síðan útskrifaður eftir rannsókn. Mikil hálka var á veginum þegar slysið átti sér stað.

Ólvaðir ökumenn í Reykjavík Sjö voru teknir ólvaðir undir stýri á götum Reykjavíkur, þrjár konur og fjórir karlar. Sá síðasti var tekinn um tíu leytið í gærmorgun, á leið heim eftir næturskrallið.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Íbúi í Reykjanesbæ er ósáttur við sein viðbrögð lögreglunnar:

Fann sprautur á bílastæði

LÖGREGLA Hún var heldur ófögur sjónin sem blasti við Daða Hreinsyni þegar hann lagði bílnum sínum á bílastæði við húsnæði sem eitt sinn hýsti veitingastaðinn Glóðina í Keflavík um tvö leytið á föstudaginn. Sprautur og áhöld, sem notuð eru við fíkniefnaneyslu, smokkar og sleipiefni lágu þar fyrir allra augum.

„Ég hringdi auðvitað strax á lögregluna enda var þetta slysaöldra og hefði getað farið illa ef einhverjir óvitar hefðu komist í þetta,“ segir Daði. Viðbrögðin hjá lögreglunni voru þó ekki eins og hann hafði vonast eftir. „Þeir sögðust bara ætla að skoða þetta,“ útskýrir hann.



Þegar Daði leit aftur við um kvöldið var hrúgan enn á sínum stað en morguninn eftir hafði lögreglan loksins látið verða af því að fjarlægja sprauturnar en smokkarnir og sleipiefnin voru enn á sínum stað.

Hjá lögreglunni í Keflavík fengust þær upplýsingar að mikið hefði verið að gera þennan dag og tilkynningin því misfarist. Þeir hefðu tekið sprauturnar en það væri síðan á ábyrgð húseiganda að fjarlægja „ruslið“. -fgg

LIÓT SJÓN Sprautur, rafmagnssnúra og skeið var meðal þess sem Daði fann á bílastæði í Keflavík. Það tók lögregluna dágóða stund að koma og fjarlægja þetta þó um augljósa slysaöldru væri að ræða.

Bílvelta norðan við Baulu:

Maður og barn sluppu ómeidd

SLYS Bílvelta varð norðan við vegasjoppuna Baulu rétt fyrir klukkan þrjú í gær. Ökumann og barn sem var í bílnum sakaði ekki en bifreiðin er talin vera ónýt.

Vegurinn á þessum slóðum er mjög illa farinn og þá var einnig mikil hálka þegar slysið varð. Bíllinn lenti í holu á veginum og varð það til þess að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum og fór hann tvær veltur.

Þá var tilkynnt um útafakstur um klukkan tíu í gærmorgun á Vesturlandsvegi rétt við Grundartanga en ökumann sakaði ekki.

-fgg

Ráðherra bíður eftir niðurstöðu nefndar

Nefnd sem fjallar um stöðu hátæknifyrirtækja er við það að ljúka störfum.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra vill bíða með yfirlýsingar um aðgerðir þangað til. Hún segir þó ljóst að staðan sé alvarleg þegar fyrirtæki flýja land.

UPPLÝSINGATÆKNI „Auðvitað viljum við ekki missa þessi fyrirtæki úr landi, það er augljóst,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aðstæður hátæknifyrirtækja, en þeim stendur til boða margvísleg fyrirgreiðsla í öðrum löndum vilji þau flytja sig. Nýverið greindi Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja frá því að hann hafi gefist upp á skilningsleysi stjórnvalda hér og ætli á nýja árinu að flytja hluta starfsemi fyrirtækis síns til Halifax í Kanada. Þá hefur komið fram að CCP, sem framleiðir tölvuleiki, og búist er við að velti um milljarði á næsta ári, hugleiði alvarlega að flytja alla sína starfsemi héðan. Við það myndu tapast 80 störf í hátækniöðnaði.

Valgerður bendir á að nefnd um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja sem starfi á vegum iðnaðarráðuneytisins sé við það að skila álitinu sínu. „En auðvitað veit ég að þetta eru glæsileg tilboð sem þessi fyrirtæki eru að fá frá Kanada og víðar og ekki auðvelt að keppa við það. „Tillagnanna er að vænta á næstu dögum. Ég segi ekki að það breyti öllu, en þá verður eitthvað til á blaði um hvernig þeir sem best þekkja til telja skynsamlegast að fara í þessi mál,“ segir hún, en vill ekki vera með frekari vangaveltur um mögulegar aðgerðir fyrir en nefndin hefur lokið störfum.

„En auðvitað höfum við verið að leggja okkur fram við að styðja við nýjungarnar í atvinnulífinu,“



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Valgerður, sem er iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir ljóst að fyrstu skrefin séu sprotafyrirtækjum oft erfið. Myndin var tekin í lok síðasta mánaðar þegar hún prófaði nýjan dæluþylki Atlantisólíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

segir Valgerður og nefnir í því sambandi bæði Nýsköpunarsjóð og Tækniprófunarsjóð sem settur var á laggirnar á kjörtímabilinu. Sá síðarnefndi hefur til umráða milli 400 og 500 milljónir króna, en hinn um 2,5 milljarða. „Sem gætu orðið 4 milljarðar með aukaframlagi frá fyrirtækjum. Þetta er svona viðleitni í þá átt að standa með þessum nýjungum og sprotum sem eru að vaxa upp. En miðað við þessar fréttir sem við fáum nánast daglega virðist þurfa meira til og við verðum bara að fara yfir það í fullri alvöru hvort vilji sé til að gera það.“

Þá bendir Valgerður á að hér sé starfsumhverfi fyrirtækja

á margan hátt gott, miðað við 18 prósent tekjuskatt og fleiri hluti. „En auðvitað þarf, eðli þessara sprotafyrirtækja vegna, dálítið mikið til að koma þeim yfir þennan erfiða fyrsta hjalla og gaman að fylgjast með hversu margt skemmtilegt er að gerast á þessu sviði. Það myndu allir sjá mikið eftir þessum fyrirtækjum ef þau létu sig hverfa, það er ekki nokkur spurning.“ Valgerður segir hátt gengi krónunnar einnig vegna þungt hvað varðar rekstraraðstæður hátæknifyrirtækja. „Krónan er eitthvað að veikjast og gerir áfram, en hvað það gerist hratt veit enginn.“

oligr@frettabladid.is



SHAUL MOFAZ Varnarmálaráðherra Ísraels hefur gengið til liðs við miðflokk Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels.

Varnarmálaráðherra Ísraels:

Genginn til liðs við Sharon

Jerúsalem, AP Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, hefur sagt skilið við Likud-flokkinn og gengið til liðs við miðflokk Ariels Sharon forsætisráðherra.

Mofaz segir að hægri öfgamenn hafi rænt Likud-flokknum og því hefði hann ekki getað unað. Mofaz var einn öflugasti leiðtogi Likud-flokksins. Ákvörðun hans um að breyta til kemur nokkrum vikum eftir að skoðanakannanir sýndu að hann væri langt á eftir Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, og Silvan Shalom utanríkisráðherra í baráttunni um að verða næsta forsætisráðherra-efni Likud-flokksins.


Mótmæli í Búðardal:

Hraðahindrun flutt úr stað

LÖGREGLA Hann var nokkuð bírafinn náunginn sem stal hraðahindrun í Búðardal aðfaranótt laugardags en henni var síðan raðað upp á graskant fyrir fram- og stjórnarsýsluhús bæjarins.

Hraðahindranir sem þessar eru enginn smásmíði því þær eru settar saman úr fjórtán hlutum sem eru boltaðir niður í malbakið. Þetta hefur því verið ansi mikið þolinmæðiverk. Lögreglan hefur ákveðinn einstakling grunaðan um verknæðing og hyggst ræða við hann á næstu dögum. -fgg

„... leiftrandi og heillandi“



„... er opinská, leiftrandi og heillandi ... Hér er vissulega um eigulega bók að ræða, ekki aðeins fyrir aðdáendur Lenbons, heldur alla þá sem ... láta sig sögu dægurtónlistar einhverju varða.“

Sveinn Guðjónsson, Mbl.

Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.

SKRUDDA
Ejarsíð 9 - 101 Reykjavík
s. 552 8866 - skrud@skrudda.is
www.skrudda.is

Þingmenn töluðu í rúmar 180 klukkustundir á haustþinginu:

Steingrímur talaði mest

ALÞINGI Nú að loknu haustþingi hefur sá þingmaður sem talað hefur lengst staðið í ræðustól í rúman hálfan sólarhring. Sá er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

Ekki er loku fyrir það skotið að kominn verði heill sólarhringur hjá honum í ræðustól þegar vorþinginu lýkur, en á föstudag var þingfundi frestað fram til 17. janúar. Bjarni Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks er hins vegar sá þingmaður sem minnst talaði á vorþinginu.

Á þeim rúmu tveimur mánuðum sem þingmenn höfðu til að koma málum sínum á framfæri í haust héldu þeir ræður úr ræðustól alþingis í rúmar 180 klukkustundir. Þingmenn stigu rúmlega þrjú þúsund sinnum í pontu,


ýmist til að flytja ræður eða gera athugasemdir við ræður annarra þingmanna.

Steingrímur talaði í rúmlega 13 klukkustundir, tveimur tímum meira en næstu menn á listanum. Bjarni Ármannsson talaði hins vegar í samanlagt í 20 mínútur á haustþinginu.

Mestur tími fór í að ræða fjármál ríkisins, eða um 60 klukkustundir, en nýlokið er fjárlagaumræðu og þarf því ef til vill ekki að undra þótt talað hafi verið um peninga.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Formaður vinstri grænna hefur á yfirstandandi þingi verið duglegastur við að stíga í pontu.



Það er kannski sumar í Ástralíu ...



FLENSKA AUGLÉINGASTOFNVAHALIS 10N 3H24 117285

... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum** öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



Avensis
Verð frá 2.240.000 kr.



Corolla
Verð frá 1.685.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 9.12.2005

KAUP SALA

| | | | |
|-----------------|-----|--------|-------------|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,02 | 64,32 |
| Sterlingspund | GBP | 111,97 | 112,51 |
| Evra | EUR | 74,43 | 75,85 |
| Dönsk króna | DKK | 10,12 | 10,18 |
| Norsk króna | NOK | 9,52 | 9,57 |
| Sænsk króna | SEK | 8,017 | 8,063 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5338 | 0,537 |
| | | SDR | 91,21 92,75 |

Gengisvísitala krónunnar
106,55

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný sveitarstjórn situr frá áramótum fram að sveitarstjórnarkosningum vor:

Húnavatnshreppur orðinn til

SVEITARSTJÓRNARMÁL Nýju sveitarfélagi í Austur-Húnavatnssýslu á að gefa nafnið Húnavatnshreppur, samkvæmt niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru á laugardag, en þá var kosið um nýtt nafn á hreppinn.

Hreppurinn varð til við sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínvatnshrepps og Torfalækjarhrepps er samþykkt var 20. nóvember í fyrra og tekur gildi nú um áramót.

Kosin var sjö manna sveitarstjórn og fékk A-listi, listi Framtíðar, sem Björn Magnússon á Hólabaki leiðir, fjóra menn kjörna, en E-listi, Nýtt afl, sem

Ólöf Birna Björnsdóttir á Hæli leiðir, fékk þrjá.

Íbúar hreppsins eru um 400 talsins og situr ný sveitarstjórn bara fram á vor, en þá fara fram lögbundnar sveitarstjórnarkosningar.

Ólöf Birna segir helstu verkefni sem framundan eru að koma á upplýstu samfélagi, sinna atvinnumálum, vinnu að aðalskipulagi og fleira. Varðandi frekari sameiningu þá segir hún hana ekki á döfinni næstu árin, enda hafi íbúar hreppanna kosið þá sameiningu sem nú sé komin á. Nýtt afl segir hún hins vegar helst vilja sjá sameiningu Húnavatnshrepps og



ÓLÖF BIRNA BJÖRNSDÓTTIR Ólöf Birna var efsti maður á lista Nýs afls í Húnavatnshreppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áshrepps sem fyrst. „En auðvitað veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir hún.

- óká

Norðmenn setja ný lög:

Kynjakvóti í stjórnnum

NOREGUR Lög sem skylda skráð hlutafélag til að hafa að minnsta kosti fjórar af hverjum tíu stjórnarmönnum konur ganga í gildi um áramótin í Noregi.

Félögin fá tvö ár til að auka hlutfallið þannig að í ársbyrjun 2008 eiga konur að sitja í öðru hverju stjórnarsæti, annars geta félögin misst starfsleyfi.

Sænska dagblaðið Dagens Nyheter segir að frestinn fái ekki félag sem verði stofnuð eftir áramótin. Þegar norska ríkisstjórnin lét skoða hlutfall kynjanna í stjórnnum félagi á sumar kom í ljós að konur voru aðeins sextán prósent stjórnarmanna.



ÓLÁTABELGIR Margir mótmælendanna höfðu áfengi um hönd á Conulla-strönd, þar á meðal þessi sem ætlaði að kasta bjórflosku í lögregluann.

Kynþáttaóeirðir í Sydney:

Tólf handteknir

ÁSTRALÍA, AP Þúsundir hvíttra ungmenna efndu til mótmæla í Sydney í Ástralíu í gær og þurfti lögreglan að hafa hendur í hári þó nokkurra ólátabelga.

Mótmælin áttu sér stað á ströndinni Cronulla og höfðu mótmælendurnir flestir áfengi um hönd.

Hrópuðu þeir ókvæðisorð gegn öðrum kynþáttum og réðust á fólk af mið-austurlenskum uppruna. Að minnsta kosti tólf voru handteknir fyrir líkamsrásir og eignaspjöll.

Uppgjör sláturtíðarinnar:

Afurðir virðast meiri en í fyrra

LANDBÚNAÐUR Fyrstu tölur benda til að afurðir sláturtíðarinnar í haust séu talsvert meiri en í fyrra.

Fyrstu yfirlitstöflur um niðurstöður úr fjárræktarfélagnum haustið 2005 eru nú aðgengilegar á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is. Þar kemur fram að uppgjóri sé lokið fyrir rúmlega 66 þúsund ær frá haustinu.

„Fullorönu ærnar í uppgjöri eru orðnar yfir 303 þúsund og þær veturgömlu rúm 55 þúsund,“ segja Bændasamtökin, en samkvæmt uppgjöri nemur fjölgun á ám nær 30 prósentum frá fyrra ári. „Skýringin á þessari gífurlega miklu fjölgun er að sjálfsögðu gæðastýringin í sauðfjárræktinni sem hófst árið 2004,“ segja Bændasamtök Íslands.

Stjórnvöld höfðu ekki lagaheimildir

Umboðsmaður alþingis telur að íslenska ríkið hafi ekki haft lagalega heimild til þess að setja komubann á iðkendur Falung Gong sumarið 2002. Hann segir það íslenskra dómstóla að skera úr um hvort ríkið hafi bakað sér skaðabótaskyldu.

ÁLIT Umboðsmaður alþingis hefur skilað af sér álit vegna ákvörðunar stjórnvalda um að setja komubann á meðlimi Falun Gong meðan á opinberri heimsókn Kínaforseta stóð sumarið 2002. Þar kemur fram að íslensk stjórnvöld hafi ekki haft fullnægjandi lagaheimild til þess að meina meðlimum Falun Gong fyrirfram landgöngu og fela einkaréttarlegum aðila, Flugleiðum hf., að framkvæma þá ákvörðun með því að meina iðkendur Falun Gong að ganga um borð í vélar flugfélagsins.

Meðan á heimsókn forseta Kína stóð hugðust fjölmargir meðlimir Falun Gong koma til landsins til þess að mótmæla meðferð kínverskra stjórnvalda á meðlimum Falun Gong hreyfingarinnar í Kína. Mótmælin áttu að fara fram á friðsamlegan hátt enda boðar hreyfingin umburðarlyndi, umhyggju og sannleika. Nokkuð margir iðkendur Falung Gong komu til landsins og höfðu stjórnvöld áhyggjur af því að lögreglan í landinu hefði ekki mannafl til að takast á við hugsanleg vandamál. Fjölmargir meðlimir hreyfingarinnar voru stöðvaðir á Keflavíkflugvelli og snúð heim. Þá voru 26 mótmælendur fluttir í Njarðvíkurskóla þar sem þeim var haldið þar til þeir voru sendir til síns heima. Að auki fengu íslensk stjórnvöld í hendur lista yfir meðlimi Falun Gong víðs vegar í heiminum og eftir þessum lista var farið þegar meðlimum Falun Gong var meinað að ganga um borð í flugvélar Flugleiða á um 10 flugvöllum í Evrópu

og Norður-Ameríku.

Ákvörðun stjórnvalda var harðlega gagnrýnd á sínum tíma enda var Ísland fyrsta vestræna ríkið sem meinaði meðlimum hreyfingarinnar að koma til landsins. Tveir einstaklingar kvörtuðu undan aðgerðum stjórnvalda við umboðsmann alþingis. Beindist kvörtunin meðal annars að þeirri ákvörðun stjórnvalda að neita mönnum, sem höfðu gilda farseðla og fullnægjandi ferðaheimildir, að ganga um borð í flugvélar á leið til landsins. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu á þeim tíma var tilgangurinn sá að „spara umstang við landgöngusynjun og sendingu viðkomandi til baka“. Það er mat umboðsmanns alþingis að þær ástæður hafi ekki dugað til þess að setja komubann á mótmælendurna.

Umboðsmaður alþingis bendir á að í gögnum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sé ekki hægt að lesa með skýrum hætti hver lagalegur grundvöllur ákvörðunar ráðuneytisins hafi verið. Í gögnum er vísað til laga um eftirlit með útlendingum sem að mati umboðsmanns fela ekki í sér fullnægjandi heimildir til að setja slíkt bann. Að mati umboðsmanns var réttur farþeganna jafnframt brotinn þar sem þeir áttu ekki kost á að fá ákvörðun lögreglustjóra eða útlendingaeftirlits endurskoðaða hjá æðra stjórnvaldi þar eð dómsmálaráðuneytið hafði þegar komið með beinum hætti að málinu.

Þótt umboðsmaður gagnrýni ákvörðun stjórnvalda telur hann



MÓTMÆLI Iðkendur Falun Gong mótmæla á friðsamlegan hátt fyrir framan Stjórnarráðið í júní 2002.

ekki ástæðu til þess að stjórnvöld taki ákvörðun sína til baka. Hann bendir hins vegar þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka mið af álitinu ef íslensk stjórnvöld standa í framtíðinni frammi fyrir sambærilegum aðstæðum. Þá segir umboðsmaður ennfrum að það verði að vera verkefni dómstóla að skera úr um hvort íslenska ríkið hafi með ákvörðunum sínum bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem hlut áttu að máli.

thorgunnur@frettabladid.is



KVEIKT Á KERTUM Meðlimir í samtökum kristinna friðarsinna kveiktu á kertum er þeir báðu fyrir félögum sínum sem var rænt í Írak.

AP/MYND

Vestrænir gíslar í Írak:

Ekkert vitað um afdrif gísla

ÍRAK, AP Yfirvöld í Írak segjast ekki hafa neinar upplýsingar um þá sjö vestræna gísla sem hafa verið í haldi í landinu undanfarið. Í síðasta mánuði var þýskum fornleifafræðingi rænt í Bagdad og nokkrum dögum síðar var fjórum kristnum friðarsinum rænt í borginni. Samtökin sem rændu friðarsinum hótuðu því að drepa þá í síðasta lagi á laugardag. Tveimur mönnum til viðbótar, Frakka og Bandaríkjamanni, var einnig rænt í þessum mánuði.

Tillaga Bandaríkjaþings:

Pyntingar verði bannaðar

WASHINGTON, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings og Hvíta húsið munu á næstunni samþykkja tillögu um að banna pyntingar til að fá mikilvægar upplýsingar hjá grunuðum hryðjuverkamönnum. Þessu heldur Bill Frist, leiðtogi republikana í öldungadeildinni, fram. Þingmaðurinn John McCain er stuðningsmaður tillögunnar, sem var nýlega samþykkt í öldungadeildinni með níutíu atkvæðum gegn níu.

McCain krafðist þess að ríkisstjórn George W. Bush, forseta, samþykki tillöguna án tafar.

*Fyrsti diskur
Léttisveitar Reykjavíkur*

www.lettsveit.is dreifing sena

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Guðrún Arnardóttir
Náttúrufræðingur

Ákveðnar vestanáttir!
Og enn blæs hann af vestri, það má búast við kalda eða strekkingi víða á landinu. Svöltil rigning sunnan- og vestanlands en annars þurr og nokkuð bjart austanlands. Hítinn er frá frostmarki og upp í 5 stig og má búast við vægu frosti í innsveitum. Næstu dagar eru á svipuðum nótum, nokkuð stífar vestlæg áttir og skúraveður vestanlands.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Vestan gjóla og lítilsháttar rigning í dag. Það léttir eitthvað til með kvöldinu og dregur eitthvað úr vætunni. Híti 0-5 stig.

| | | | | | |
|---------------|------------------|-----------|----------------|-----------------|----------------|
| Kaupmannahöfn | 9°C sk.m.köflum | Paris | 8°C skýjað | Alicante | 14°C heiðskirt |
| Oslo | 4°C sk.m.köflum | Berlín | 8°C skýjað | Milano | 9°C heiðskirt |
| Stokkhólmur | 4°C sk.m.köflum | Frankfurt | 5°C skýjað | New York | 2°C léttskýjað |
| Helsinki | 2°C léttskýjað | Madrid | 10°C heiðskirt | San Francisco | 14°C heiðskirt |
| London | 11°C sk.m.köflum | Barcelona | 9°C heiðskirt | Orlando/Florida | 18°C heiðskirt |

» á morgun
Nokkuð stíf vestlæg átt. Skúraveður vestanlands.

» miðvikudagur
Norðvestlæg átt og víða einhver dálítill væta.

* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



ENHENV / SA / INW0923

Ekki gleyma börnunum

Tryggðu þér ADSL áskrift í ár

- Einn mánuður innifalinn
- Sjónvarpsþjónusta og videóleiga heima í stofu sem veitir þér aðgang að Skjánum
- Í boði er fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva
- Uppsetning innifalin fyrir sjónvarp



Þráðlaust Internet & sjónvarp

Taktu myndir og sendu

- Valmynd á íslensku
- Mp3 hringitónar
- Myndavél
- FM útvarp



Sony Ericsson K700i

9.900 kr.

Gerðu meira en bara tala

- Valmynd á íslensku
- Hreyfimyndavél
- Myndavél



Nokia 6020

14.980 kr.

800 7000 - siminn.is

Komdu við í næstu Símaþúð og kynntu þér vöruvalið og jólatilboðin. Þú færð jólagjöfina hjá okkur.

Síminn



KJÖRKASSINN

Gætir þú hugsað þér að kaupa rafmagn af Símanum?

| | |
|-----|-----|
| Já | 35% |
| Nei | 65% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Arni Magnússon félagsmálaráðherra að segja af sér?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Hálfur þriðji tugur milljóna króna sparaðist:

Tekjuháir fá minna

ALÞINGI Þak sem sett var á fæðingarorlofsgreiðslur veldur því að útgjöld fæðingarorlofssjóðs voru 25 milljónum króna lægri fyrstu níu mánuði ársins en ráð var fyrir gert. Eftir breytingu geta greiðslur ekki orðið hærri en sem nemur 80 prósentum af 600 þúsund króna mánaðartekjum.

Í svari Árna Magnússonar félagsmálaráðherra til Jóhönnu Sigurðardóttur þingmanns Samfylkingar í umræðum á alþingi á föstudag kom fram að 81 foreldri hafi fyrstu níu mánuði ársins verið yfir hámarkinu. Hann sagði félagsmálaráðuneytið áætla að útgjöld sjóðsins á árinu yrðu mjög nálægt útgjöldum sjóðsins í fyrra, eða um 6,2

milljarðar króna. Hann sagði þó ljóst að áhrif breytinganna sem urðu um áramót á úthlutunarreglunum myndu ekki að fullu koma fram í útgjöldum sjóðsins fyrr en á næsta ári.


Annað sem breyttist er að nú er miðað við tekjur fólks síðustu 24 mánuðina áður en að orlofstöku kemur, í stað 12 mánuða áður. Árni segir breytinguna minnka útgjöld sjóðsins um 3 til 4,5 prósent. „Það hefur aldrei verið markmið laganna að bæta foreldrum þær tekjur sem þeir hugsanlega hefðu getað aflað hefðu þeir ekki eignast barn og því haldið áfram á vinnumarkaði,“ áréttaði hann.

- óká



ÁRNI MAGNÚSSON Ráðherra segir frekari skoðunar þörf á því hvort til greina komi að breyta lögum á þann veg að fæðingarorlof skerði ekki rétt til umönnunar- og lífeyrisgreiðslna.

ARFTAKI HARRY POTTER?



Spielberg kvikmyndar

„Hrein skemmtun, stanslaust fjör.“

– The Times

★★★★★ – amazon.com

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆDRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is



FÆR MIKLA ATHYGLI Unnur Birna gefur aðdáendum sínum eiginhandarítanir á blaðamannafundi í Sanya í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fann fyrir nærveru ömmu

Unnur Birna Vilhjálmsson, nýkjörin Ungfrú heimur, er enn að átta sig á sigrinum en hlakkar til að takast á við verkefni sem fylgja titlinum. Fram undan eru spennandi tímar með ferðalögum um allan heim.

FEGRÐARSAMKEPPNI „Þetta var alveg ólýsanlegt,“ segir Unnur Birna, sem var enn í skýjunum þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í gær. „Þegar ég var komin í sex stúlkna úrslit var ég voðalega hissa og átti alls ekki von á meiru. Svo var búið að tilkynna annað og þriðja sætið og þá var ég eiginlega bara búin að gleyma þessu. Svo bergmálaði „Iceland“ um salinn og ég gjörsamlega missti andlitið,“ segir Unnur Birna og bætir því við að það sem við hafi tekið sé í hálfgerðri móðu. „Ég man varla eftir því að hafa staðið þarna og veifað.“



Landi og þjóð til sóma

Þegar ljós urðu úrslit í keppninni Ungfrú heimur sendu forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff nýkrýndri feegurðardrottningu eftirfarandi heillaóskir: „Ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmsson, Sanya, Kína. Við óskum þér til hamingju með glæsilegan árangur. Þú ert landi og þjóð til sóma. Heillaóskir til fjölskyldunnar.“

Eftir krýninguna tóku við myndatökur á sviðinu og svo dreif öryggisgæslan mig út í limósínu og ók mér upp á hótél. Þar var haldið sérstakt krýningarball með öllum stelpunum og fjölskyldum þeirra. Ég fékk að skreppa aðeins upp á herbergi til þess að átta mig og sat þar bara ein og hló. Í dag er ég líka búin að standa mig að því að skella upp úr annað slagið.

Ég er ekki enn búin að ná þessu,“ segir Unnur Birna og bætir því við að það sé undarleg tilfinning að vera allt í einu orðin hálfgerð stjarna. „Það er gífurlegur áhugi á keppninni hérna í Asíu og ég á erfitt með að átta mig á öllu umstanginu. Ég fór á tvo blaðamannafundi í morgun og þangað var mér fylgt af fimm lífvörðum. Mér finnst þetta eitthvað svo fjarstæðukennt og átta mig ekki ennþá á því hvað þetta er allt saman stórt.“

Móðir Unnar Birnu, Unnur Steinsson, fylgdist með keppninni og Unnur Birna er ekki í nokkrum vafa um að amma hennar heitin, Jörunn Karlsdóttir, hafi einnig verið á svæðinu. „Kjöllinn sem ég klæddist í keppninni var upphaflega hannaður af ömmu og bæði mamma og ég höfum líka komið að saumaskapnum. Mér þótti ákaflega gaman að geta verið í þessum kjól og ég er viss um að amma var með mér þarna í gær. Ég fann virkilega fyrir henni. Það var svo góður andi yfir öllu og ég var alveg róleg,“ segir Unnur Birna.

Fram undan eru spennandi tímar hjá Unni Birnu og í kjölfar keppinnar bíða hennar ýmis verkefni. „Við höfum ekki enn haft tíma til að setjast niður og fara í gegnum þetta en ég veit að það verður farið í svakalegan túr um heiminn. Ég mun heimsækja allar heimsálfurnar og kem ábyggilega til svona 100 borga. Keppnin gengur fyrst og fremst út á góðgerðastarf og næsta árið verður það mitt hlutverk að safna peningum til góðgerðamála víða um heim,“ segir Unnur Birna, sem ætlar þó ekki að láta keppnina hafa áhrif á öll framtíðarplán sín og stefnir á að halda áfram námi sínu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. „Miss World-samtökin hvetja mig til þess að halda áfram námi og borga til að mynda öll skólagjöld fyrir mig. Ég ætla því að reyna að sinna skólanum eitthvað þótt það verði ef til vill ekki af fullum krafti.“

Unnur Birna verður í Kína fram á þriðjudagskvöld en þá fer hún til London þar sem hún mun dvelja í nokkra daga. „Ég veit ekki alveg hvenær ég kem heim en það er búið að lofa mér að ég fái að komast heim yfir jólin og áramótin. Þetta er búin að vera hörkuvinna bæði líkamlega og andlega og ég hlakka til að slappa af í fæðmi fjölskyldunnar,“ segir Unnur Birna um leið og hún sendir kveðju til Íslands og þakkar fyrir allan stuðninginn sem henni hefur verið sýndur.

thorgunnur@frettabladid.is

Nýtt hangikjöt

reykt með sérstakri blöndu af íslensku birki

Við erum þess fullviss að gæði þessa kjöts eiga eftir að koma þér skemmtilega á óvart!

HAGKAUP
MÆLA
MEÐ



Hagkaup mæla með



Hátíðarlambalæri

- Léttreykt og marinerað í bláberjum og einiberjum.
- Sérlega safaríkt.
- Læri sem meistarakokkar eru sammála um að sé framúrskarandi að gæðum.



Hamborgarhryggur

- Sérvalinn af fagmönnum úr fersku hráefni.
- Þarf einungis að elda í ofni.
- Framleiddur samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaupa.
- Fimm stjörnu hryggur að mati landsliðs matreiðslumeistara.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver var í öðru sæti fegurðasamkeppninni Ungfrú heimur?
- 2 Hvað heitir fyrrverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu?
- 3 Hvað hefur Liverpool leikið marga leiki án þess að fá á sig mark?

Grunaðir hryðjuverkamenn handteknir á Ítalíu:

Tveimur vísað úr landi

ÍTALÍA, AP Stjórnvöld á Ítalíu vísaðu tveimur Norður-Afríkubúum sem þau töldu hættulega úr landi um helgina. Þar á meðal var einn sem tvisvar hefur verið sýknaður af ákærum um hryðjuverk, Marokkóbúinn Mohamed Daki.

Daki og Túnisbúanum Gharsellou Mohamad Akremi var vísað úr landi í samræmi við nýja hryðjuverkalöggjöf Ítala, sem heimilafarlausn brottrekstur þeirra sem innanríkisráðuneytið metur hættulega, þótt sekt þeirra sannist ekki fyrir dómstólum. Daki var handtekinn í bænum Reggio Emilia á laugardag og flogið með hann til Casablanca í

Marokkó, en hvorki þarlend fjölskylda hans né nokkur á Ítalíu hafa heyrt frá honum síðan.

Daki var í fréttum í janúar þegar hann og tveir Túnisbúar voru sýknaðir af sökum um alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og dæmdir skæruliðar í staðin. Málið vakti mikið umtal og ítalskir saksóknarar hafa kvartað yfir því að hryðjuverkalögin séu klaufalega orðuð og erfitt að fá menn dæmda eftir þeim.

MOHAMED DAKI

Hér í viðtali í Milánó eftir að hafa verið sýknaður tveigis.



Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu:

Útilokuð af öllum flokkum

DANMÖRK Ekki kemur til greina að innheimta gjöld í heilbrigðiskerfinu eins og velferðarnefnd sem skipuð var í Danmörku leggur til. Þetta segja talsmenn bæði stjórnar og stjórnarandstöðu.

Velferðarnefndin kynnti í fyrradag yfirgripsmiklaskýrslu þar sem lagðar eru fram ýmsar tillögur að umbótum á danska kerfinu til þess að tryggja velferð í landinu til framtíðar.

Tillagan um gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu gerir ráð fyrir að almenningur borgi hluta kostnaðar við læknisheimsóknir og sjúkrahússinnlagnir. ■

Ný bandarísk heimasíða:

Hamingjan í fyrirrúmi

DALLAS, AP Heimasíðan Happy-News.com nýtur vaxandi vinsælda í Bandaríkjunum um þessar mundir. Á tímum þegar hryðjuverkamenn og ýmiss konar stríðsrekstur, þar á meðal í Írak, er áberandi í daglegum fréttum þar í landi vill sífellt fleira fólk heyra glaðlegri fréttir sem fær það til að gleyma öllum hörmungunum sem eiga sér stað allt í kringum það. „Hvað eru fréttir?“ spyr Byron Reese, stofnandi heimasíðunnar. „Fréttir eiga að gefa þér mynd af heiminum eins og hann er. Fréttamiðillinn, eins og hann hefur þróast, gefur mjög brenglaða mynd af heiminum með því að ýkja slæmu fréttirnar, þjáningarnar og eymdina. Við erum að reyna að koma á jafnvægi í þessum fréttatlutningi,“ segir glaðlyndi Bandaríkjamadurinn Byron. ■

Kjarnorkuáætlun Írana:

Bandaríkjamenn eru velkomnir

ÍRAN, AP Utanríkisráðuneyti Írans bauð Bandaríkjamönnum að taka þátt í byggingu kjarnorkuvers, til að slá á andstöðu við umdeilda kjarnorkuáætlun sína.

„Bandaríkjamenn geta tekið þátt í alþjóðlegu útboði á byggingu nýs kjarnorkuvers, fari þeir eftir eðlilegum stöðlum og gæðaeftirliti,“ sagði talsmaður Íransstjórnar. Óvíst er hvornig Bandaríkjamenn svara boðinu í ljósi einhliða viðskiptabanns Bandaríkjanna á Íran. Bandaríkjamenn óttast að Íranir séu að reyna koma sér upp kjarnorkuvopnum sem Íranar þvertaka fyrir. Samningaviðræður Evrópulanda og Írans, þar sem markmiðið er að stöðva frekari kjarnorkuuppbyggingu landsins, hefjast aftur



GHOLAMREZA AGHAZADEH Formaður kjarnorkusamtaka Írans segir að Íransstjórn muni ekki stöðva starfsemi sína þrátt fyrir utanaðkomandi þrýsting.

21. desember, en þær leystust upp í ágúst síðastliðnum. ■



HITI Í KJÓSENDUM Þessar konur í Alexandríu fóru í kröfugöngu til stuðnings Bræðralagi múslima á dögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigur Bræðralags múslima

Bráðabirgðaniðurstöður egypsku þingskosninganna benda til að Bræðralag múslima hafi hlotið fimmtung atkvæða.

EGYPTALAND Bræðralag múslima sexfaldaði þingsætafjöldan sinn í egypsku þingskosningunum sem staðið hafa yfir undanfarnar vikur og kostað hafa tíu mannlíf.

Á miðvikudaginn var endahnúturinn bundinn á egypsku kosningarnar þegar kosið var um þau þingsæti sem enginn frambjóðandi hafði fengið meirihluta til að skipa. Að sögn egypskra embættismanna eru endanleg úrslit kosninganna á þá leið að Þjóðarflokkur Hosnis Mubarak forseta fékk 73 prósent atkvæða, frambjóðendur Bræðralags múslima 19 prósent en aðrir minna. Þingsætafjöldi Bræðralagsins hefur því sexfaldað, þeir höfðu áður 15 sæti en nú eru þeir með 88.

Átök og ofbeldi settu hins vegar svo mikinn svip á kosningarnar að AP-fréttastofan segir óháða eftirlitsmenn líta svo á að vart sé mark takandi á úrslitunum. Svo virðist sem stjórnvöld hafi skipað lögreglu að loka kjörstöðum á þeim slóðum þar sem Bræðralagið átti hvað mestu fylgi að fagna og handtaka nærfellt þúsund manns. Til átaka kom á fjölmörgum stöðum vegna þessa og féllu tíu kjósendur fyrir hendi lögreglu.

Bræðralagið hefur verið bannað af stjórnvöldum um áratuga skeið en vegna þrýstings frá Vest-

urlöndum hefur Mubarak veitt því meira frelsi og hafa liðsmenn þess fengið að bjóða sig fram sem óháðir frambjóðendur. Bræðralagið kveðst berjast fyrir löggjöf byggðri á íslam en samt segjast formælendur hennar tala fyrir mun hófsamari trúaráherslum en til dæmis þeim sem sáðarabísk stjórnvöld hafa innleitt.

Bandaríkjastjórn hefur hingað til verið treg til samskipta við Bræðralagið, bæði vegna þess að Mubarak er því svo andsnúinn og vegna hermdarverka sem liðsmenn þess eru taldir hafa staðið fyrir í gegnum tíðina. Al-Jazeera sjónvarpsstöðin hefur hins vegar eftir einum af formælendum bandaríska utanríkisráðuneytisins að í ljósi úrslitanna komi til greina að endurskoða þá stefnu, hugsanlega verði komið á samskiptum við einstaklinga innan samtakanna þótt formleg tengsl við Bræðralagið verði ekki tekin upp.

Málið þykir sýna þá klemmu sem bandarísk stjórnvöld standa andspænis þegar kemur að því að eiga við hápa, eins og Hamas og Hizbollah, sem staðið hafa fyrir hryðjuverkum en vegnar jafnframt vel á stjórnmalasviðinu og njóta lýðhylli.

sveinng@frettabladid.is

VEGLEGI PAKKINN

300.000 KALL Í JÓLAGJÖF!

NÝR PATHFINDER MED TVÖ HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNA AFSLÆTTI OG HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNA JÓLAGJÖF Í KAUPBÆTI. NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ, AÐEINS ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR!



JÓLA-NISSAN PATHFINDER

200.000 kr. jólaafsláttur!

| Tegund | Verð með afslætti |
|-----------------------------------|-------------------|
| Pathfinder XE beinskíptur | 3.590.000,- |
| Pathfinder SE beinskíptur | 3.950.000,- |
| Pathfinder SE sjálfskíptur | 4.090.000,- |
| Pathfinder LE sjálfskíptur | 4.590.000,- |
| Pathfinder LE IT | 4.790.000,- |

SÍÐUSTU FORVÖÐ!
ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR!



SKIPT_um landslag

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Gefðu

jólagjöf **sem VEX**



MYTIA HÚSÍÐ / SÍA - 4800

Framtíðarreikningur fyrir hrausta krakka



Framtíðarreikningur er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður átján ára og hefur þá margfaldað verðmæti sitt.

- ❄ Bestu vextir sparireikninga bankans
- ❄ Verðtryggður reikningur
- ❄ Auðvelt og þægilegt að spara reglulega

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Íslandsbanka og á isb.is.



ÍSLANDBANKI | 100%

Flottur Latabæjarbolur í jólapakka fylgir Framtíðarreikningi*

*3.000 kr. lágmarksupphæð.

Varakanslari Þýskalands svarar Íransforseta:

Óásættanleg ummæli

ÞÝSKALAND/AP „Þetta er eitthvað sem er óásættanlegt.“ sagði Frans Muentefering, varakanslari Þýskalands um ummæli Íransforseta varðandi helförina og Ísraelsríki.

„Það er eðlilegt að alþjóðasamfélagið finni leið til þess að gera mönnum það ljóst,“ hélt hann áfram. Muentefering sagði enn fremur að Sameinuðu þjóðunum og Evrópusambandinu bæri að tjá sig opinberlega um orð forsetans.

Fyrr í vikunni hafði Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti dregið í efa að helförin hefði átt sér stað og mælt til þess að Þýskaland

eða Austuríki gæfu land til stofnunar gyðingaríkis innan Evrópu. Fjölmargar þjóðir hafa fordæmt ummæli forsetans.

Í október lagði Ahmadinejad til að Ísrael yrði „þurrkað út af landakortinu“, sem einnig vakti mikla reiði. Bæði Ísraelar og Bandaríkjamenn segja fjand-samlegt viðmót íranska klerkaveldisins til Ísrael helstu orsök þess að tryggja verði að Íranir kjarnorkuvígubúist ekki.

MAHMOUD AHMADINEJAD
Forseti Írans í ræðustóli þar sem ummæli hans vöktu mikla reiði.



Norski sæðisbankinn: Auglýsir eftir samísku sæði

NOREGUR Sæðibankinn í Nor-egi auglýsir eftir gjafasæði úr Söðum.

Forstöðumaður bankans segir að 15 til 20 prósent sæðisþega séu af samískum uppruna og það sé eðlilegt að gefa sæðisþegum kost á því að fá sæði af sama kynstofni.

Norska blaðið VG sagði að Nils Mathis Buljo, formaður Félags piparsveina, hefði brugðist glaður við auglýsingunni og talið víst að félagsmenn, sem eru um 40 talsins, væru til í að fjölmenna til Tromsø eða Oslóar til að gefa sæði.

- ghs



Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fluguveiðisett frá REDINGTON

allt í einum pakka

Jólatilboð

verð frá kr. 11.990.-



Fluguhnýtingarsett

fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna

Jólatilboð kr. 7.990.-

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



STRÖNG GÆSLA Vopnuð lögreglukona stendur vörð við dómhús í Madrid þangað sem farið var með Gotovina í gær.

MYND/AP

Eftirlýsti Króatinn Ante Gotovina:

Ferðaðist víða á fölsuðu vegabréfi

SPÁNN, AP Króatíski hershöfðinginn fyrrverandi, Ante Gotovina, sem nú býður þess að vera framseldur frá Spáni til stríðsglæpádómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag, hafði ferðast víða um heiminn á fölsuðu vegabréfi er hann náðist á hóteli á Kanaríeyjum á miðvikudagskvöld. Frá þessu greindu fulltrúar spænskra yfirvalda fyrir helgi.

Spænska lögreglan handtók Gotovina eftir að alþjóðalögreglunni Interpol hafði borist ábending um að hann dveldi á hóteli á Tenerife. Jose Antonio Alonso, innanríkisráðgjafi Spánar, sagði í gær að Gotovina yrði framseldur til Haag eins fljótt og auðið yrði.

Spænska lögreglan hafði fengið ábendingu um að til Gotovina hefði sést á Kanaríeyjum í október síðastliðnum. Eftir það var lögreglan þar á verði. Spænska fréttasjónvarpsstöðin CNN+ sýndi brot úr lögreglu-myndbandi þar sem sást hvar

lögreglumenn gengu að Gotovina á veitingastað hótelsins. Hann virtist ekki sýna neina mótspyrnu við handtökuna.

Alonso sagði að í fórum hans hefðu fundist 12.000 evrur í reiðufé, fartölva og tvö fölsuð vegabréf. Í vegabréfinu sem hann notaði við komuna til Kanaríeyja var að finna nýlega stimpla frá Tahítí, Argentínu, Kína, Chile, Rússlandi og Tékklandi, svo og eynni Máritíus á Inlandshafi.

Gotovina stýrði landher Króatíu í Júgóslavíustríðinu 1991-1995. Hann er sakaður um að hafa borið ábyrgð á fjöldamorði á Króatíu-Serbum og brottrekstri um 150 þúsund þeirra frá Króatíu. Hann er þjóðhetja í augum margra Króata. Króatískir þjóðernissinnar efndu í gær til mótmæla í Króatíu vegna handtöku hans. Ásakanir um að króatísk stjórnvöld héldu yfir honum hlífiskildi töfðu upphaf aðildarviðræðna Króata við Evrópusambandið.

- aa

Við kynnum SAAB í sínu náttúrulega umhverfi.

Komdu og skoðuðu nýjan og endurhannaðan Saab 95. Þessi kraftmikli og öruggi bíll er fullkominn í skíðaferðina eða í bústaðinn, enda þrífst hann best við erfiðar íslenskar aðstæður. Fágaðar línurnar og einstakt útlitíð vekja athygli allra sem á hann líta. Rétti bíllinn fyrir veturinn í norðri.



Verð 2.980.000,-

Reynsluaktu nýjum SAAB 95. Hann er margverðlaunaður fyrir öryggi og hannaður fyrir akstur á norðurslóðum.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab **95**





ÞEIR SEM TAKA **KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG GREIÐA SÖMUM VEXTI NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.



SLAGSMÁL Á PINGI Til handalögmála kom milli þingmanna úr herbúðum stjórnarliða og stjórnarandstæðinga á Suður-Kóreupingi í Seúl fyrir helgi. Stjórnarandstæðingar vildu hindra að umdeild lög um einkaskóla fengjust samþykkt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

67 ára maður semur um að kvænast ungri stúlku:

Brúður fyrir átta milljónir

NOREGUR 67 ára gamall maður ætlar að kvænast sautján ára gamalli stúlku og borgar móðurinni fyrir 800 þúsund norsk-krónur, eða um átta milljónir íslenskar. Skrifað var undir samninginn í apríl í fyrra og hefur maðurinn þegar látið móðurina hafa einn tífunda upphæðarinnar. Afgangurinn verður greiddur þegar hjónabandið hefur hlotið blessun.

Stúlkan er fædd og uppalin í austurhluta Noregs. Faðir hennar er norskur en móðirin frá Asíu. Maðurinn, sem er af erlendu bergi brotinn, segist ekki hafa keypt sér brúði með



FRÁ NOREGI 67 ára gamall maður hefur gert samning við konu frá Asíu, sem býr í Noregi, um að borga átta milljónir króna fyrir að fá að kvænast sautján ára dóttur hennar.

Þessum samningi. „Ég veit að sumir telja að þetta sé man-

sal en þetta er sá háttur sem hafður er á í landi móðurinnar. Allir sem ætla að kvænast konu þaðan verða að gera svona samning. Ég hef útskýrt fyrir henni að svona séu hlutirnir ekki í Noregi en hún vill þetta samt,“ segir hann.

Börn mannsins telja um mansal að ræða og hafa áhyggjur af föður sínum. Þau segja að hann hafi kynnst stúlkunni fyrir þremur árum og fengið stúlkuna á heilann. Hann hafði þá verið fráskilinn í tíu ár. Faðir stúlkunnar ætlar að gera allt sem hann getur til að vernda dóttur sína.

- ghs

Ók drukinn í Neskaupstað:

Sektaður og sviptur leyfinu

DÓMSMÁL 21 árs gamall maður hefur verið sviptur ökuleyfi í þrjú ár og sektaður um 225 þúsund krónur.

Aðfaranótt sunnudagsins 30. október ók maðurinn undir áhrifum áfengis og án ökuskrifteinis austur Egilsbraut í Neskaupstað að húsi Landsbjargar við Nesgötu þar sem lögregla stöðvaði hann.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi, en þyngd refsingar hans skýrist nokkuð af fyrri afbrotum hans. Árið 2002 var hann dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, og sama ár var hann sektaður bæði fyrir hrað- og ölvunarakstur. - óká

Samstarfssamningur:

Ísland verður tilraunaland

UPPLÝSINGATÆKNI Ísland verður eitt tilraunasamfélaga fyrir raf-ræn viðskipti í Evrópu.

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur um rekstur tilraunasamfélagsins, en það tengist verkefni sem unnið hefur verið að frá 2003. „Ísland er í forystu í hópi Evrópulanda sem í hálfri þriðja ár hafa unnið að undirbúningi ETeB-verkefnisins, European Network of National Testbeds for eBusiness,“ segir í Útherja, fréttablaði Útflutningsráðs. „Fyrirsjáanlegt er að þróun rafræna viðskipta mun hafa veruleg áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana á Íslandi.“ Fram kemur að auk Útflutningsráðs standi Staðlaráð, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Reykjavíkurborg, Samtök atvinnulífisins og fleiri að verkefninu. - óká

Héraðsdómur fær hluta Dettifossmálsins aftur vegna ósamræmis í dómi:

Var á Hróarskelduhátíðinni

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur gert Héraðsdómi Reykjavíkur að fjalla á nýjan leik um þátt Tryggva Lárussonar í Dettifossmálinu svonefnda en það snýst um stórfelldan innflutning á fíkniefnum.

Héraðsdómur dæmdi Tryggva til refsingar fyrir að hafa keypt tæp átta kíló af amfetamíni í Roosendaal í Hollandi í byrjun júlí á síðasta ári þrátt fyrir að þrjú vitni hafi borið að hann hafi verið staddur á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku á sama tíma.

Í dómnum segir að vitnisburður og framburður Tryggva um að hann hafi verið staddur á Hróarskelduhátíð dagana 30. júní til 5. júlí 2004 útiloki ekki veru hans í Hollandi og Þýskalandi áður. Síðar í dómnum segir svo að sannað sé að hann hafi annast kaup á amfetamíninu í byrjun júlí.



SVEINN ANDRI SVEINSSON Verjandi Tryggva Lárussonar.

Ósamræmið felst í því að á einum stað fellst dómurinn á að Tryggvi hafi verið á Hróarskeldu í júlíbyrjun en nokkrum línnum síðar er hann sagður hafa keypt amfetamínið í Hollandi á sama tíma.

„Það verður þrautin þyngri fyrir ákærvaldið að vinna ofan

af þessu,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Tryggva. Hann hefur lagt fram gögn um enn fleira fólk sem vitnað geti um veru Tryggva á Hróarskeldu í júlíbyrjun 2004 og segir að ef vitnin staðfesti mál sitt fyrir dómi liggi fyrir að Tryggvi verði sýknaður. - bps

Fleiri kostir í millilandaflugi:

SAS flýgur aftur til Íslands

SAMCÖNGUR Forsvarsmenn SAS-Group hafa tilkynnt að flugfélagið muni hefja áætlanarflug til landsins í lok mars á næsta ári. Flögið verður frá Ósló og hingað.

SAS-Group hefur fest kaup á fleiri flugvélum upp á sökastið og það opnar fyrir flug til Íslands, að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins. „Það eru sterk bönd á milli Noregs og Íslands og þau byggja á gamalli hefð. Einnig eru í dag sterk viðskiptasambönd milli þessara tveggja landa,“ segir Petter Jansen, forstjóri SAS-Braathens, sjálfstæðs flugfélags sem flýgur til landsins. - sk

ÍSAFJÖRÐUR

Prófkjör í febrúar Sjálfstæðismenn á Ísafirði munu halda prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga í febrúar, samkvæmt fréttum Bæjarins besta. Framboðsfrestur er til 21. janúar.

EIGUM ALLTAF



Klettháls

VW Golf 4Motion Highline

beinsk. árg. 03 ek. 72.000
verð áður 1.690.000 kr. verð 1.350.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.358 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Golf 4Motion

beinsk. árg. 04 ek. 23.000
verð áður 1.890.000 kr. verð 1.590.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.485 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Golf Highline 4Motion

beinsk. árg. 03 ek. 51.000
verð áður 1.730.000 kr. verð 1.390.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.989 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Passat 4Motion

beinsk. árg. 03 ek. 42.300
verð áður 1.970.000 kr. verð 1.750.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **27.662 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Golf Variant 1,6 Highline

beinsk. árg. 03 ek. 51.000
verð áður 1.440.000 kr. verð 1.150.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **18.207 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Golf Highline 4x4

beinsk. árg. 02 ek. 48.000
verð áður 1.570.000 kr. verð 1.250.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **19.782 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Passat TDi

sjálfsk. árg. 02 ek. 171.000
verð áður 1.560.000 kr. verð 1.350.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.358 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Passat 2,0 AT

sjálfsk. árg. 02 ek. 49.000
verð áður 1.910.000 kr. verð 1.790.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **28.292 kr.** í 60 mán.*

Bílaþing Heklu er rétti staðurinn til að finna góðan notaðan Volkswagen

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notaðum bílum

e-kortið er
eina greiðslu-
kortið sem
endurgreiðir
peninga!



e-korthafar verðlauna sig á ýmsa vegu

Nú hafa e-korthafar fengið sendar ávísanir með endurgreiðslu vegna notkunar e-kortsins. Sumir munu eflaust nota peningana til að kaupa jólagjafir á meðan aðrir velja að fara í ferðalög eða kaupa sér eitthvað sniðugt.

Auk endurgreiðsluávísunarinnar njóta e-korthafar ávinnings af fjölda sértilboða og ýmissa fríðinda allt árið um kring.




Þú getur sótt um e-kortið á ekort.is

e kort
www.ekort.is

JÓLAPAKKI

Palladine



42" Plasma



Kr. 259.995

EPD4220HDD

- Upplausn 1024 x 768 punktar
- Skerpa 5000:1 og birtustig 1000 cd/m2
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd, textavarp og íbrennsluvörn
- Borðstandur fylgir ásamt hátölurum

Palladine



32" LCD



Kr. 139.995

EPT3200

- Upplausn 1366 x 768 punktar
- Skerpa 500:1, birtustig 500 cd/m2 og svartími 8 ms.
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd og textavarp
- Borðstandur fylgir, hátalarar áfastir

Palladine



EPD5020 50" Plasma

- Upplausn 1366 x 768 punktar
- Skerpa 5000:1 og birtustig 1000 cd/m2
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd, textavarp og íbrennsluvörn
- Borðstandur fylgir ásamt hátölurum

Kr. 449.995

YAMAHA



RXV457

- Heimabíómagnari frá Yamaha
- 6 x 130 wött (4 ohm) - útvarpsmagnari
- Fjöldi tengja - m.a.2 ljósleiðaratengi fyrir stafrænt merki
- Fjölnota fjarstýring og traust tæki
- Nánari upplýsingar fást í verslun og á heimasíðu

Kr. 39.995

Palladine



EPT3700D 37" LCD

- Upplausn 1366 x 768 punktar
- Skerpa 600:1, birtustig 500 cd/m2 og svartími 8 ms.
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og HDMI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd og textavarp
- Borðstandur fylgir, hátalarar áfastir

Kr. 219.995

YAMAHA



RXV557

- Heimabíómagnari frá Yamaha
- 6 x 135 wött (4 ohm) - útvarpsmagnari
- Fjöldi tengja - m.a.3 ljósleiðaratengi fyrir stafrænt merki
- Falleg gæðahönnun frá Yamaha
- Nánari upplýsingar fást í verslun og á heimasíðu

Kr. 49.995

Palladine



EPD4200 42" Plasma

- Upplausn 852 x 480 punktar
- Skerpa 3000:1 og birtustig 1000 cd/m2
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd (tölvutengi) og textavarp
- Borðstandur fylgir ásamt hátölurum

Kr. 159.995

YAMAHA



RXV657

- Heimabíómagnari frá Yamaha
- 7 x 145 wött (4 ohm) - útvarpsmagnari
- Fjöldi tengja - m.a. 4 ljósleiðaratengi fyrir stafrænt merki
- Traustur magnari með allt sem þú þarfnast
- Nánari upplýsingar fást í verslun og á heimasíðu

Kr. 59.995

Palladine



EPT2600 26" LCD

- Upplausn 1280 x 768 punktar
- Skerpa 500:1, birtustig 450 cd/m2 og svartími 8 ms.
- Loftnetstengi, 2 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd og textavarp
- Borðstandur fylgir, hátalarar áfastir

Kr. 119.995

YAMAHA



RXV757

- Heimabíómagnari frá Yamaha
- 7 x 150 wött (4 ohm) - útvarpsmagnari
- Fjöldi tengja - m.a. 4 ljósleiðaratengi fyrir stafrænt merki
- Magnari með öflugra myndvinnslu
- Nánari upplýsingar fást í verslun og á heimasíðu

Kr. 69.995

Palladine



EPT2020 20" LCD

- Upplausn 800 x 600 punktar
- Skerpa 500:1 og birtustig 500 cd/m2
- Loftnetstengi, scart og S-video
- Textavarp og hægt að fá veggfestingu
- Borðstandur fylgir, hátalarar áfastir

Kr. 69.995

YAMAHA



RXV4600

- Heimabíómagnari frá Yamaha
- 7 x 190 wött (4 ohm) - útvarpsmagnari
- Fjöldi tengja - m.a. 6 ljósleiðaratengi
- Ef þú vilt það besta þá er þetta magnarinn fyrir þig
- Nánari upplýsingar fást í verslun og á heimasíðu

Kr. 139.995



2 ára ábyrgð á öllum vörum

Armúla 26 - 108 Reykjavík - Sími 522 3000 - Opð virka daga 9-18

ARNIR Í ÁR

HITACHI
Inspire the Next



42" Plasma

HD TV
READY

Kr. 299.995

42PD6600

- Upplausn 1024 x 768 punktar
- Skerpa 1000:1 og birtustig 1200 cd/m²
- Loftnetstengi, 3 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og HDMI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd, 1000 síðna textavarp
- Borðstandur fylgir, hátalari innbyggður

HITACHI
Inspire the Next



55" Plasma


HD TV
READY

Kr. 599.995

55PD5200

- Upplausn 1366 x 768 punktar
- Skerpa 900:1 og birtustig 1000 cd/m²
- Loftnetstengi, 3 scart, tölvutengi og S-video
- Component fyrir DVD og DVI tengi fyrir stafrænt merki
- Mynd í mynd, og textavarp
- Borðstandur fylgir ásamt hátölurum

YAMAHA



YSP800

- 23 stefnuvirkir hátalarar í einum kassa
- Innbyggður magnari – tengdu tækin þín beint !
- Hátalari býr til víðoma hljóm án bakhátalara
- Passar með öllum sjónvörpum
- Eins þráðlaust og heimabíó getur verið

Kr. 79.995

KEEF



KHT1005

- Fimm heimabíóhátalarar og bassi
- Hátalarar 100 wött / Næmni 86 db / 8 ohm
- Tíðnisvið 120 Hz – 22 kHz / Hljóðmagn 104dB (SPL)
- Bassi 100 wött / Tíðnisvið 38 Hz – 150 Hz / Hljóðmagn 106dB (SPL)
- Netfir og fallegir hátalarar á frábæru verði

Kr. 49.995

KEEF



KIT100

- Stjórnstöð með DVD spilara, bassi og tveir hátalarar
- Hátalarar búa til víðoma hljóm án bakhátalara
- Magnari innbyggður í bassa
- Einfalt í uppsetningu og notkun

Kr. 139.995

KEEF



KHT2005.2

- Fimm heimabíóhátalarar og bassi
- Hátalarar 100 wött / Næmni 88 db / 8 ohm
- Tíðnisvið 80 Hz – 27 kHz / Hljóðmagn 104dB (SPL)
- Bassi 250 wött / Tíðnisvið 30 Hz – 140 Hz / Hljóðmagn 108dB (SPL)
- Einir bestu heimabíóhátalararnir

Kr. 69.995

YAMAHA



DVDS557

- Fjölkerfa DVD spilarar frá Yamaha
- DVD / SVCD / Picture CD
- DivX / Mp3 / WMA / Jpeg
- Ljósleiðari / RCA
- Scart / Component / S-video

Kr. 19.995

KEEF



KHT5005

- Fimm heimabíóhátalarar og bassi
- Hátalarar 100 wött / Næmni 87 db / 8 ohm
- Tíðnisvið 100 Hz – 30 kHz / Hljóðmagn 104dB (SPL)
- Bassi 250 wött / Tíðnisvið 30 Hz – 140 Hz / Hljóðmagn 108dB (SPL)
- Glæsilegir hátalarar með ótrúlegum hljómgæðum

Kr. 99.995

HITACHI



DVP745

- Fjölkerfa DVD spilarar frá Hitachi
- DVD / SVCD / Picture CD / Mp3 / Jpeg
- Ljósleiðari / Scart / Component / RCA / S-video

Kr. 9.995

KEEF



KHT6000

- Fimm heimabíóhátalarar og bassi
- Hátalarar 100 wött / Næmni 88 db / 8 ohm
- Tíðnisvið 90 Hz – 30 kHz / Hljóðmagn 109dB (SPL)
- Bassi 300 wött / Tíðnisvið 30 Hz – 250 Hz / Hljóðmagn 110dB (SPL)
- Frábærir hátalarar í tveimur orðum sagt

Kr. 199.995

YAMAHA



HiB3300

- Heimabíópakki frá Yamaha
- 5 x 105 wött (4 ohm) – útvarpsmagnari
- DVD spilarar, fimm hátalarar og bassi fylgja
- Fjöldi tengja – m.a. 2 ljósleiðaratengi fyrir stafrænt merki
- Frábær pakki á frábæru verði

Kr. 79.995

KEEF



KHT9000

- Fimm heimabíóhátalarar og bassi
- Hátalarar 150 wött / Næmni 88 db / 8 ohm (min. 3,2 ohm)
- Tíðnisvið 75 Hz – 27 kHz / Hljóðmagn 111dB (SPL)
- Bassi 300 wött / Tíðnisvið 30 Hz – 250 Hz / Hljóðmagn 110dB (SPL)
- Ertu að leita að hinni endanlegu lausn ?

Kr. 429.995



TUNDRUFL Sænsku sjómennirnir sáu ekkert athugavert að skilja tundurdufl eftir á bryggjunni í Gautaborg.

Sprengja í neti sænsks báts:

Skildu duflið eftir á bryggju

SVÍÞJÓÐ Sænska lögreglan lokaði fyrir umferð um hafnarsvæðið og nágrenni í miðborg Gautaborgar í nokkra klukkutíma fyrir helgi eftir að tundurdufl uppgötvaðist á hafnarbakkanum.

Í ljós kom að bátur hafði fengið duflið í netin þar sem hann var á veiðum úti fyrir ströndum Svíþjóðar. Skipverjar héldu fyrst að það væri olíutunna og gerðu sér enga grein fyrir hættunni.

Í fyrradag var svo farið með duflið út á sjó á ný og það sprengt.

- ghs

Vistkerfi jarðar eru í hættu að mati WHO:

Heilsu milljarða jarðarbúa ógnað

HEILBRIGÐI Mikill ágangur á viðkvæm vistkerfi heimsins mun hafa alvarlegar afleiðingar á tilveru og heilsufar milljarða íbúa jarðar í framtíðinni. Er það niðurstaða nýrrar skýrslu sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO hefur sent frá sér. Um 1.300 vísindamenn komu að gerð hennar.

Í skýrslunni er varað við þeirri þróun sem verið hefur í heiminum undanfarin ár þar sem æ fleiri vistkerfi víðs vegar í heiminum hafa látið á sjá og alls óvíst er hvort þau beri þess nokkurn tíma bætur. Svæði sem talin eru í sérstakri hættu eru stór landsvæði í Afríku, Suður-Ameríku og Asíu.

Þrennt er þegar farið að hafa áhrif á líf milljarða manna á þessum slóðum. Rányrkja á hafi og landi hefur á síðustu árum dregið úr möguleikum 800 milljóna manna á að afla sér matar til viðbótar við þann milljarð fólks sem þegar þjáist daglega af daglegum matarskortum. Vatnsmengun er víða algengt vandamál og benda tölur stofnunarinnar til að rúmar þrjár milljónir manna látist ár hvert vegna mengaðs drykkjarvatns. Það eru um sex prósent allra dauðsfalla í heiminum á ári hverju. Telja



VANNÆRING Framtíðin er dökk að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Ný skýrsla sýnir að mannkynið hugsar of lítið um náttúruna og það mun koma niður á heilbrigði næstu kynslóða.

NORDICPHOTOS/AFP

skýrsluhöfundar að stór hluti þess ávinnings sem mannkynið hefur af heilbrigðum vistkerfum, hreint vatn, hreint loft og milt veðurfar, sé nú notaður með óskynsam-

legum hætti. Áhrifin séu þegar komin í ljós og þau muni versna til muna á næstu fimmtíu árum verði ekkert aðhafst.

Skýrslan þykir sýna brýna

nauðsyn til að vernda vistkerfi heimsins sem aldrei fyrr. Breytingar á þeim hafa í för með sér breytingar á heilsu og lífi milljóna, nú og í framtíðinni.

- aðe

www.volkswagen.is

Desemberup

Bjóðum nokkra valda bíla á frábæru tilboðsverði



Polo

Verð áður ~~1.395.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.290.000 kr.

129.000 kr. útborgun og 16.900 kr. afborgun á mánuði *



Golf

Verð áður ~~1.890.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.760.000 kr.

176.000 kr. útborgun og 23.290 kr. afborgun á mánuði *



Golf Plus

Verð áður ~~2.090.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.950.000 kr.

195.000 kr. útborgun og 25.790 kr. afborgun á mánuði *

PHOTO: NORDICPHOTOS/AF

* Miðað við 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða

Ný könnun um lífsgæði í borgum Evrópusambandsins:

Best að búa á Malaga en verst í Napólí

BRUSSEL Auðvelt er að finna atvinnu í Dublin og London en nánast vonlaust í Berlín og Napólí samkvæmt nýrri könnun Evrópusambandsins. Könnunin var gerð til að kanna lífsgæði fólks í rúmlega þrjátíu borgum innan Evrópusambandsins.

Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum íbúanna sjálfra og eiga því að gefa tiltölulega glögga mynd af stöðu mála. Kemur meðal annars í ljós að líkurnar á að finna ódýrt og gott húsnæði eru minnstar í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Amsterdam en þykir auðvelt í Leipzig í Þýskalandi og Braga í Portúgal.

München í Þýskalandi er öruggasta borgin að mati íbúa hennar. Þeir sem búa hins vegar í belgísku borginni Liege segja hana örugga til búsetu. Lúxemborg tekur fyrstu verðlaun fyrir þrífnað og hreinlæti en franska borgin Marseille þykir skítugust.

Þá þykir langbest að búa á Malaga á Spáni. Stokkhólmur og Kaupmannahöfn þykja afbragð einnig meðan fátt þykir eftirsóknarvert við búsetu í grísku höfuðborginni Aþenu og í Napólí á Ítalíu.

- aðe



BEST Í MALAGA Íbúar Malaga á Spáni eru ánægðir með borgina sína enda verðlag og veðurfar hagstætt auk þess sem hagsæld er á Spáni.

AFP.NORDICPHOTOS/AFP



SÆRÚN SVEINSDÓTTIR Líðan Særúnar er eftir atvikum góð. Hún missti fætuna í bílslysi í Bandaríkjunum.

Særún Sveinsdóttir Williams:

Á batavegi eftir bílslys

SÖFNUN Særún Sveinsdóttir er nú á hægum batavegi eftir að hafa misst af báðum fótum í bílslysi í Omaha í Nebraska-ríki í Bandaríkjunum í síðasta mánuði.

Skólasystkini Særúnar hófu söfnun til þess að hjálpa henni að takast á við lífið eftir slysið en Særún er eistæð móðir með þrjú börn á framfæri sínu.

Þeir sem vilja leggja Særúnu lið er bent á söfnunarreikning númer 1150-05-414746 með kennitölu 010560-2689.

- saj

þbót

og einungis 10% útborgun



Jetta

Verð áður ~~1.990.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.870.000 kr.

187.000 kr. útborgun og 24.690 kr. afborgun á mánuði*



Passat

Verð áður ~~2.490.000~~ kr.

Tilboðsverð 2.340.000 kr.

234.000 kr. útborgun og 30.890 kr. afborgun á mánuði*



Aus Liebe zum Automobil

„ORÐRÉTT“

Pröng staða

„Valgerður er minn gamli yfirmaður og Árni Magnússon er minn núverandi yfirmaður og ég vil ekki tjá mig eða túlka dóminn með neinum hætti.“

MARGRÉT MARÍA SIGURDARDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI JAFNRETTISSTOFU, UM HÆSTARÉTTARDÓMINN Í MÁLI VALGERÐAR BJARNADÓTTUR GEGN ÁRNA MAGNÚSSYNI. FRÉTTABLAÐIÐ.

Gömul saga og ný

„Við hefðum alveg getað unnið þennan leik en fórum illa með dauðafærin og þá sérstaklega í hornunum.“

ALFRED GÍSLASON, ÞJÁLFARI MAGDEBURG, EFTIR TAPLEIK Í EVR-ÓPUKEPNINNI. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JÓNAS R. JÓNSSON, FRÁFARANDI UMBOÐSMAÐUR ÍSLENSKA HESTSINS

Er að ganga frá lausum endum

„Ég hef nóg að gera þessa dagana við að ganga frá lausum endum þar sem um áramót læt ég af starfi sem umboðsmaður íslenska hestsins,“ segir Jónas R. Jónsson. Í hann náðist í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík þar sem umboðsmaðurinn hefur enn aðstöðu. Jónas segir nýjan umboðsmann hestsins ekki verða ráðinn. „Sennilega verður þetta að mestu fært yfir til Útflutningsráðs, en með því hef ég unnið töluvert og gengið mjög vel,“ segir hann og bætir við að helstu verkefni snúi nú að því að byggja upp markaði fyrir hestinn erlendis auk fleiri hluta.

„Búið er að opna fyrir ýmsa möguleika fyrir sýningar og atvinnuleyfismál knapa og reiðkennara í Bandaríkjun-



um og spurning hverju verður fylgt eftir í þeim hlutum. En útrásin er nánast í allar áttir.

Svíþjóð er mjög vaxandi markaður og sá sterkasti í dag, en um leið og slíkum markaði er sinnt er nauðsynlegt að byrja að plægja og undirbúa aðra markaði. Sá dagur kemur á Svíþjóðarmarkaði, eins og til dæmis gerðist í Þýskalandi, að þeir verða sjálfum sér nógir hvað varðar reiðhesta fyrir hinn almenna hestamann.“

Jónas segir að þegar sú staða kemur upp þurfi að vera búið að vinna íslenska hestinum í haginn á öðrum mörkuðum og því verður að lita í aðrar áttir.

„Bretland er aðeins að byrja að taka við sér og ef haldið verður áfram að vinna í Bandaríkjamarkaði þá kemur hann til með að stækka, en það gerist ekki öðru vísi en í hann sé lögð markaðsvinna,“ segir Jónas hinn hressasti í Bændahöllinni.

NetPlús til
Kanarí
-frábær tilboð



KLIPPT OG RAKAÐ AF HJARTANS LIST Feðgarnir Ragnar og Hörður eru samrýmdir í störfum sínum og hafa rakað og klippt hlið við hlið á Vesturgötunni síðan 1974. Fastir og tryggir viðskiptavinir sátu í stólunum þegar myndin var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/HVIFA

Sumir láta snyrta hár sitt á þriggja vikna fresti

Þeir karlmenn sem vilja alltaf vera vel snyrtir til höfuðsins fara til rakara á þriggja til fjögurra vikna fresti. Jónaösin er byrjuð á Rakarastofu Ragnars og Harðar við Vesturgötu 48.

Í rauða húsinu við Vesturgötu hefur hár verið klippt og skegg rakað síðan 1957 þegar Hörður rakari Þórarinnsson opnaði stofuna sína. Ári síðar fæddist Ragnar sonur hans og má segja að sá stutti hafi alist upp á stofunni.

Hann fetaði enda í fótspor föður síns og hafa þeir feðgar klippt og rakað hlið við hlið síðan 1974.

„Það er alltaf mikið að gera í desember og nú er þetta farið að þéttast,“ segir Ragnar rakari. Hann merkir þó þá breytingu á háttum karla að ekki leggja allir jafn mikið upp úr að vera nýklipptir um jólin. „Ef menn komast ekki fyrir jól þá koma þeir bara fyrir áramót. Annars eru núorðið flestir alltaf snyrtilegir enda koma menn reglulega í klippingu.“

Þeir karlar sem vilja teljast snyrtilegir til höfuðsins þurfa

að huga vel að sínum málum og gæta þess að hárið vaxi ekki um of. Árvekni er mikilvæg. „Til að flokkast undir að vera alltaf vel snyrtur þarf karlmaður að koma á fjögurra vikna fresti, jafnvel þriggja vikna fresti eins og sumir gera,“ segir Ragnar. Á það helst við um þá sem eldri eru en yngri kynslóðin er rólegri í tíðinni og þarf sjaldnar að koma í klippingu. „Ungir piltar vilja hafa það sitt,“ segir Ragnar, sem jafnan gerir það sem fyrir hann er lagt og leyfir viðskiptavininum að ráða síddinni.

bjorn@frettabladid.is

Íslensk-færeysk orðabók eftir Jón Hilmar Magnússon gefin út:

Auðveldar öll samskipti frændþjóðanna

Svo undarlegt sem það nú er hefur ekki verið til Íslensk-færeysk orðabók fyrr en nú þegar bók Jóns Hilmars Magnússonar, kennara og prentsmiðjustjóra á Akureyri, kemur út.

Jón Hilmar kynntist ungar færeysku þegar hann sniglaðist í kringum færeyska sjónmenn sem komu inn til löndunar á Akureyri. Síðar giftust dætur hans fjórar Færeyingum og hefur hann því haft mikil samskipti við Færeyinga um ævina.

Í bókinni eru rúmlega 50 þúsund uppléttiorð og fjöldi orðasambanda, notkunardæma og skýringa.

Guðrún Kvaran, ritstjóri Orðabókar Háskóla Íslands, segir lengi hafa verið þörf fyrir íslensk-færeyska orðabók.



„Færeyingar og Íslendingar eru nánar vinabjórir og er í raun ótrúlegt að ekki skuli fyrr hafa verið til orðabók af þessu



TEKIÐ VIÐ GÓÐU RITI Halldór Blöndal tekur við fyrsta eintaki íslensk-færeysku orðabókarinnar úr hendi Sigurðar Línal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tagi. En nú hefur loksins verið bætt úr og er bókin hin vandaðasta og höfundur til sóma. Elja hans og áhuga hafa gert mikið verk að veruleika.“

Hið íslenska bókmenntafélag

gefur bókina út og afhenti Sigurður Línal, formaður þess, Halldóri Blöndal, alþingismaðni og formanni Íslandsdeildar vestnorræna þingmannaráðsins, fyrsta eintak hennar á dögnum.

Netverðdæmi:

4., 11. og 18. janúar, 7 nætur

37.900 kr.

miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman.

Innifalið er flug, gisting á Paraiso, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.



plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

Flugstöð Leifs Eiríkssonar stækkuð Aukið rými – betri þjónusta



Velkomin í stærri og endurbætta flugstöð sumarið 2007



FYRIR BREYTINGAR



EFTIR BREYTINGAR

Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður stækkuð á næstu árum. Verslunar- og þjónustusvæði farþega mun tvöfaldast og nýjar verslanir opna. Markmið stækkunar og breytinga í flugstöðinni er að bregðast við spám um öra fjölgun farþega á ferð um Keflavíkurflugvöll.


Breytingarnar valda óhjákvæmilega talsverðu raski og hafa nokkur áhrif á starfsemi í flugstöðinni. Brottfararfarþegar munu næstu mánuði fara í gegnum öryggisgæslu og inn á frísvæðið hægra megin við innritunarborðin í flugstöðinni en ekki vinstra megin eins og nú er.

Stjórnendur og starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. munu vinna markvisst að því í samstarfi við verktaka að framkvæmdirnar valdi farþegum sem allra minnstum óþægindum, en minna fólk á að gefa sér góðan tíma.

Nánari upplýsingar á www.airport.is

Svona erum við

> Fjöldi nemenda á raungrainbrautum í framhaldsskólum



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: MANNRÁN Í ÍRAK

Athyglin er aðdráttaraflíð

Síðustu vikur hafa uppreisnarmenn í Írak rænt sjö Vesturlandabúum. Fjórir starfsmenn kristinna hjálpsamtaka eru í haldi samtaka sem kalla sig Herdeildir hinna réttlátu sverða, þýskur fornleifafræðingur er í gíslingu hóps mannæringja svo og franskur hjálparstarfsmaður. Fyrir helgi lýsti svo hinn svonefndi Íslamski her því yfir að hann hefði tekið af lífi bandarískan gísl, sem talið er að sé Robert Schulz sem hvarf í landinu fyrir nokkru. Mannæringjar eru því aftur farnir á kreik eftir að hafa látið lítið fyrir sér fara undanfarið ár eða svo.

Hvernig gerist þetta?

Dæmigert mannrán á útlendingi í Írak fer fram um hábjartan dag þegar fórnarlömbin eru á ferð í bíl með öikumanni og túlki - en engum öryggisvörðum. Önnur bifreið ekur í veg fyrir þá, vopnaðir menn stíga út og nema útlendinginn á brott.



Af hverju hafa mannránin færst í vöxt?

Eflaust líta sumir uppreisnarhópar á mannrán sem ágætis fjárfundun - leið en sé lítið til þess hversu algengt er að mannæringjarnir séu ekki til viðræðu um lausn á fórnarlömbum sínum gegn gjaldi má gera ráð fyrir að sókn í sviðsljós sé aðalástæðan fyrir þeim.

Uppreisnarmenn leita stöðugt að nýjum aðferðum til að koma málstað sínum í sviðsljósið. Eftir því sem bílsprengjuárásur fylgjast fækka dálksentimetrinum sem undir slíkar fréttir eru lagðir og því er líklegt að rykið hafi verið dustað af mannránaaðferðinni þar sem hún var til skamms tíma óvenjuleg. Annars má vera að Bruce Hoffmann hjá bandarísku RAND-stofnunni hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði í viðtali við AP-fréttastofuna á dögunum að sennilega „væri framboð á fórnarlömbum til mannrána“ aðalástæða fjölgunar á mannránstíffellum í Írak.

SPURT & SVARAÐ

VINNUAFL Á AUSTFJÖRÐUM

Verkefni ekki vandamál

Fram hefur komið í fréttum að spurn eftir vinnuafli á Austfjörðum er svo mikil að skortur er orðinn á fólki í ýmsum starfsgreinum. Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, segir þetta vissulega vandamál en fyrst og fremst sé þetta verkefni til að leysa.



SMÁRI GEIRSSON Forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð.

Hvaða störf eru það sem gengur illa að manna? Þetta eru aðallega störf eins og almenn verkamannastörf og ýmis störf iðnaðarmanna. Við áttum alltaf von á að þetta ástand kæmi upp því íslenska menntakerfið leggur fyrst og fremst áherslu á bóklegt nám og háskólanám en iðngreinar og verklegt nám situr á hakanum. Það þarf því ekki að koma á óvart að samfélag sem menntar tiltölulega fáa til starfa í iðngreinum en lögræðinga og viðskiptafræðinga hundruðum saman lenti í skorti á iðnaðarmönnum. **Hvaða leiðir sjáið þið til lausnar á þessu?** Menn leysa þetta í verulegum mæli með því að flytja inn erlent vinnuafli. Síðan hafa verktakafyrirtæki utan svæðisins komið hingað og bjargað miklu. Samt eru ansi margir sem þurfa að biða eftir iðnaðarmönnum til starfa og það er mikil vöntun á fólki til almennra verkamannastarfa.

Ráðuneytin fá 21 milljarð

Ráðuneytin fá samtals 21 milljarð króna í aukafjárveitingu samkvæmt nýsamþykktum fjárukaulögum. Hlutfallslega er minnst aukning hjá heilbrigðisráðuneyti og mest í forsætisráðuneyti. Aukafjárveitingu ráðuneytanna má að miklu leyti rekja til aukinna fjárráða ríkisins eftir sölu Landssímans og aukinna skatttekna.

Í nýsamþykktum fjárukaulögum fá ráðuneytin um 21 milljarð króna. Heimildir umhverfisráðuneytis til útgjalda lækka um 161 milljónir, en heimildir annarra ráðuneyta hækka. Mest hækka heimildir fjármálaráðuneytisins, um ellefu milljarða. Landbúnaðarráðuneyti fær rúma þrjú milljarða, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti fær rúma tvo milljarða og samgönguráðuneyti rúman 1,7 milljarð. Önnur ráðuneyti fá minna.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir að hæpið sé að tala um að ríkið skili hagnaði á þessu ári því að það sé fyrst og fremst spurning um sölu á eignum. „Ég er meira á því að menn eigi að skoða grunnafkomu ríkisins og helst þegar búið er að leiðrétta hagsveifluna. Það er ekkert sérstaklega merkilegt að

selja bílinn sinn,“ segir hann og á þar við áhrifin af Landssímásölu. Hann bætir við að auðvitað sé afkoma ríkissjóðs mjög góð. „Rekstur ríkisins virðist vera í góðu horfi en þó hefði mátt vera meira aðhald út af öllum þessum framkvæmdum.“

Forsætisráðuneytið

Ráðherra: Halldór Ásgrímsson
Fjárlög 2005: 1.136 milljónir
Fjáruki: 851 milljón



Aukning: 75 prósent

Til forsætisráðuneytisins rennur rúmlega 851 milljón í aukafjárögum. Þar af er gert fyrir tíu milljónum til að ráða lögræðing á aðalskrifstofuna. Einkavæðingarverkefni ríkisstjórnarinnar kosta 750 milljónir, störf stjórnarskrárefndar og sérfræðinganeftar hennar kosta 22 milljónir.

Útanríkisráðuneytið

Ráðherra: Geir H. Haarde
Fjárlög 2005: 6.909,7 milljónir
Fjáruki: 529,3 milljón



Aukning: 7,6 prósent

Fjárheimild utanríkisráðuneytisins er aukin um rúmar 529 milljónir og fer stærsti hlutinn, 276 milljónir, í aukin framlög til sendiráða. Kostnaður vegna hjálparflug fyrir Nató til Afganistans og Íraks 2004-2005 nemur 87 milljónum króna. Aðalskrifstofa ráðuneytisins hefur safnað halla og fara 50 milljónir til að mæta honum.

Landbúnaðarráðuneytið

Ráðherra: Guðni Ágústsson
Fjárlög 2005: 12.298,4 milljónir
Fjáruki: 3.247,4 milljónir



Aukning: 26,4 prósent

Landbúnaðarráðuneytið fær aukna fjárheimild sem nemur tæpum 3.250 milljónum króna.

Stærsti liðurinn er 120 milljónir til embættis yfirdýralæknis vegna uppsafnaðs halla og til að mæta töpuðum kröfum á hendur sláturleyfishöfum við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Niúti milljónir fara í rekstrarhalla Hólaskóla og til að kaupa reiðskemmu.

Menntamálaráðuneytið

Ráðherra: Þórunn Gunnarsdóttir
Fjárlög 2005: 36.684,6 milljónir
Fjáruki: 975,4 milljónir



Aukning: 2,6 prósent

Menntamálaráðuneytið fær aukna fjárheimild sem nemur rúmunum

975 milljónum króna. Stærstur hluti, 376 milljónir, fer til viðhalds og endurbóta á menningarstofnunum. Háskólinn á Akureyri fær 110 milljóna aukafjárveitingu til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarvanda. Veitt er 104 milljóna króna aukafjárveiting í Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora og framhaldsskólar fá 100 milljónir.

Sjávarútvegsráðuneytið

Ráðherra: Einar K. Guðfinnsson
Fjárlög 2005: 2.522,6 milljónir
Fjáruki: 65 milljónir



Aukning: 2,5 prósent

Sjávarútvegsráðuneytið fær aukna fjárheimild upp á 65 milljónir og fer stærstur hlutinn, 44 milljónir, í vísindaveiðar á hrefnu og til útgjalda vegna loðnuleitarleiðangra.

Dóms- og kirkiráðuneytið

Ráðherra: Björn Bjarnason
Fjárlög 2005: 15.888 milljónir
Fjáruki: 248 milljónir



Aukning: 1,5 prósent

Dómsmálaráðuneytið fær 248 milljónir aukalega á þessu ári og er stærsti liðurinn 38 milljónir til embættis Ríkislögreglustjóra vegna sólarhringsvakar sem var við Kárahnjúka í sumar, aukaframlag vegna fjögurra sérsvaitarmanna á Akureyri og ferð ríkislögreglustjóra til Taílands í janúar.

Félagsmálaráðuneytið

Ráðherra: Arni Magnússon
Fjárlög 2005: 26.686 milljónir
Fjáruki: 690,8 milljónir



Aukning: 0,6 prósent

Félagsmálaráðuneytið fær aukna fjárheimild sem nemur tæpri 691 milljón króna. Stærsta verkefni, upp á 200 milljónir, er undirbúningur og uppbygging búsetuúrræða fyrir geðfatlaða.

Heilbr.- og tryggráðuneytið

Ráðherra: Jón Kristjánsson
Fjárlög 2005: 119.127,5 milljónir
Fjáruki: 2.310 milljónir



Aukning: 0,2 prósent

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fær aukalega ríflega 2.310 milljónir króna. Tæplega 660 milljóna króna aukafjárveiting fer til Landspítala - háskólasjúkrahúss, meðal annars vegna erfiðrar fjárhagsstöðu spítalans frá fyrri árum. Þá fara 300 milljónir í

byggingu hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

Fjármálaráðuneytið

Ráðherra: Arni Mathiesen
Fjárlög 2005: 28.742 milljónir
Fjáruki: 11.264,4 milljónir



Aukning: 39,2 prósent

Gert er ráð fyrir ríflega 11.264 milljónum til fjármálaráðuneytisins. Þar skiptir mestu að fjárheimild fjármagnstekjuskattliðarins verður hækkuð um tæpa 6,4 milljarða. Gert er ráð fyrir 500 milljónum fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af arðgreiðslu frá Landssím- anum.

Samgönguráðuneytið

Ráðherra: Sturla Böðvarsson
Fjárlög 2005: 17.952,3 milljónir
Fjáruki: 1.760,7 milljónir



Aukning: 9,8 prósent

Samgönguráðuneytið er í hópi þeirra ráðuneyta sem fá hvað mesta aukningu, tæpa 1.761 milljón króna. Stærsti liðurinn er rekstur Umferðarstofu en gert er ráð fyrir tæplega 237 milljónum króna meiri umsvifum en í fjárlögum. Þá er lagt til að 1.000 milljónum króna verði varið til uppbyggingar á sviði fjarskiptamála.

Iðn.- og viðskráðuneytið

Ráðherra: Valgerður Sværisdóttir
Fjárlög 2005: 3.786 milljónir
Fjáruki: 405 milljónir



Aukning: 10,7 prósent

Iðnaðarráðuneytið fær aukna fjárheimild sem nemur 405 milljónum króna og vegur þar þungt 275 milljóna króna fjárveiting vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Þá fara 100 milljónir króna líka í niðurgreiðslur á rafhitunarkostnaði.

Umhverfisráðuneytið

Ráðherra: Sigríður Anna Þórðardóttir
Fjárlög 2005: 4.551,4 milljónir
Fjáruki: -150,7



Lækkun: 3,3 prósent

Fjárheimild umhverfisráðuneytisins er lækkuð um tæplega 161 milljón króna samkvæmt fjárukaulögum og er þar fyrst og fremst verið að draga fyrri áætlanir til baka.



FRÉTTASKÝRING:
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

DV

UNGFRÚ HEIMUR

Uppfylti
hinstu
ósk ömmu

Allt um Unni Birnu – 8 síður í DV í dag

Þeir þegar aðrir þegja!

OPIÐ TIL

22:00

öll kvöld til jóla

í BYKO Breidd

BYKO Akureyri
opið til kl. 22:00 frá 15.des.

BYKO Selfossi
opið til kl. 22:00 frá 16.des.



BYGGIR MEÐ PÉR

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Unnur Birna sló í gegn í Kína.

Alheimsfegurð enn og aftur

Það er langur vegur frá Tívolúinu í Vatnsmýrinni í Reykjavík til eyjarinnar Hainan við suðurströnd Kína, þar sem Unnur Birna Vilhjálmssdóttir var kjörin alheimsfegurðardrottning á laugardag fyrir þéttsetinni sýningarhöll og milljónum sjónvarps-áhorfenda víða um heim. Í Tívolískemmtigarðinum, sem var og hét, var feðurarsamkeppni árlegur viðburður í áraradír og það hlýtur að hafa verið kalt oft á tíðum að koma þar fram á sundbol. Íslenskar fegurðardrottningar létu það þó ekki á sig fá og sprönguðu aftur og fram á sýningarpallinum í svalri sumarnóttinni.

Hin unga fegurðardrottning fær því gott nesti héðan á ferðalögum sínum. Hennar bíða líka miklar freistingar og búast má við að peningaöflin vilji nýta sér sakleysilegt andlit hennar á ýmsan hátt. Hún þarf því að geta staðið í báða fætur.

Kvenfrelsiskonur hafa gjarnan gagnrýnt feðurarsamkeppni bæði í heimalöndum sínum og á alþjóðavettvangi en ekki hafa borist miklar fregnir af mótmælum við keppnina á sumarleyfisstaðnum Hainan í Kína. Það er vert að veita því athygli að þessi keppni er nú haldin í Kína og ber það vott um breytingar þær sem þar hafa orðið á síðustu árum. Fyrir 5-10 árum hefði líklega verið óhugsandi að slík keppni væri haldin þar í landi. Ekki hafa borist fréttir hingað af mótmælum við að keppnin skyldi að þessu sinni haldin í Kína og líklegt að margir Kínverjar hafi fremur fagnað því en hitt að fá að fylgjast með keppni sem þessari. Einu mótmælin sem heyrst hefur um í tilefni af þessari keppni koma úr heimi múslima, en stúlkan sem bar sig úr bítum í keppninni í Bretlandi er einmitt múslimi og féll þátttaka hennar í keppninni í grýttan jarðveg hjá mörgum sömu trúar. Stúlkan sú hefur þó ekki alltaf baðað sig í sviðsljósi feðurarsamsins, því um tíma bjó hún í Afganistan og kúrði í kjallaraberbergi í miðborg Kabúl á meðan sprengjurnar féllu á borgina.

Hér áður fyrr voru ýmsir sólarstaðir í Bandaríkjunum vettvangur slíkra atburða og gott ef það var ekki á Langasandi sem Guðrún Bjarnadóttir sló í gegn árið 1962 og ruddi þar með brautina fyrir íslenskar fegurðardrottningar á alþjóðavettvangi.

Vandi fylgir þó vegsemd hverri og nú þegar Unnur Birna hefur verið kjörin Ungfrú heimur er það hennar hlutverk að ferðast um heiminn sem eins konar góðgerðasendiherra og láta gott af sér leiða. Fyrirrennarar hennar hafa heimsótt bágstöðð börn víða um heim til að vekja athygli á aðstæðum þeirra. Þá verður hún fyrst og fremst kynnt sem Ungfrú heimur og Íslendingur. Það hefur verið sagt að það sé gott að vera Íslendingur í útlöndum, við séum friðsöm þjóð og hér sé lýðræði í hávegum haft. Ekki er við öðru að búast, þar sem hún á sterkt bakland og ber af sér góðan þokka. Hin unga fegurðardrottning fær því gott nesti héðan á ferðalögum sínum. Hennar bíða líka miklar freistingar og búast má við að peningaöflin vilji nýta sér sakleysilegt andlit hennar á ýmsan hátt. Hún þarf því að geta staðið í báða fætur. Unnur Birna verður líka fyrirmynd margra ungra stúlkna og því er mikilvægt að hún standi sig í hlutverki sínu.

**STÓR HUMAR
RIÐARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD**

OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14

FISKBÚÐIN
HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki á þing

Áköll í fjölmíðlum að undanförmu um endurreisn Alþýðuflokksins gamla, viðreisn hægri krata í þjóðfélaginu og að Jón Baldvín Hannibalsson komi aftur til virkrar þátttöku í stjórnmálum eru ekki visvítandi ráðabrukk manna sem vilja nýja viðreisnarstjórn eins og einhverjir kunna að hafa álitid. Svo mikið er vist eftir hressilegt viðtal Egils Helgasonar við Jón Baldvín í Silfrinu á Stöð 2 í gær. Jón Baldvín blés á allt slíkt. Hann segist að vísu hafa áhuga á íslenskum stjórnmálum sem aldrei fyrr en hann getur ekki hugsað sér að setjast á þing eða verða meðal vikulegra álitsgjafa í spjallþátum útvarps og sjónvarps. Og það



sem meira er, hann segist hafa færst til vinstri á útlegðarárunum í Washington og Helsinki, og hlýtur það að valda hægri krötum - og kannski ekki síður vinum hans á Morgunblaðinu - vonbrigðum.

Annar Jón

En Jón Baldvín er ekki eini málsmetandi hægri kratinn sem nú er snúinn aftur heim. Jón Sigurðsson, sá ágæti hagfræðingur, er kominn á eftirlaun frá bankastjórnastörfum. Hann er byrjaður að skrifa um þjóðmálin og skortir greinilega ekkert á eldlegan áhuga hans. Egill Helgason þarf að bjóða honum til sín í Silfrið og inna hann eftir því hvort hann hafi kannski löngun til endurkomu í íslenska pólitík. Raddir hafa einmitt heyrst um það að það gæti orðið Samfylkingunni verulegur styrkur ef maður

eins og Jón sem nýtur mikillar tiltrúar væri málsvari flokksins í efnahagsmálum, en á því sviði þykir mörgum Samfylkingunni hafa fatast nokkuð flugið.

Líka Þorsteinn?

Og ef menn eru á annað borð að hugsa á þessum nótum má ekki gleymast að Þorsteinn Pálsson hefur látið af störfum sendiherra og situr við skrifitir hér heima. Það yrði ekki lítill styrkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn að fá hann til virkrar þátttöku á ný. Að vísu er flokkurinn á fljúgandi siglingu undir nýrri forystu en ekki skapar að þetta hópin og styrkja. Of snemmt mun hins vegar að kalla á Davíð Oddsson aftur enda virðist hann njóta sín vel í Seðlabankanum og er ekki minna í sviðsljósinu þar en meðan hann hélt um taumana í Stjórnarráðinu. gm.frettabladid.is

Bókaskraf í Haukshúsum

Eitt af sérkennum íslensks bókmenntalífs er að rithöfundar eru eins og beytisþjöld um allar þorpa-grundir að lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Stundum heyrir maður háðsglósur um þennan sið en mín reynsla af honum sem upplæsari og hlustandi er yfirleitt góð. Það ríkir einhver innileiki á svona samkomum. Manni getur að vísu liðið svolítið illa þegar upplæsara liður illa og fer að klóra sér á hálsinum í miðju kafi, hnykla brýnnar eða jafnvel dæsa en yfirleitt er það svo að maður kemst í beint samband við list höfundarins, stíl og persónuleika. Þetta er bein upplifun. Þetta er vafningalaus bókmenntanaut.

Ein slík var á dögum í minnsta menningarhúsi landsins, Haukshúsum á Álftanesi. Þar voru fimm ólíkir einstaklingar sem lásu úr verkum sínum. Fyrstur las Jón Kalman, að eigin sögn til að geta einbeitt sér betur að því að hlusta á hina. Það var veglegt, því að alltaf er erfitt að ríða á vaðið á svona samkomum, draga liðið burt frá búksorgum sínum, jölgjafaangist og kókugerðaráformum: Jón stóð sig hetjulega og er bersýnilega búinn að koma sér upp sérlegum og nærfærnislegum stíl; kannski að nota mætti orðið „þorpsljóðræna“. Sjón var næstur. Hann er meistari upplæsara. Hefur fullkomið vald á minnsta blæbrigðum textans, er sköruglegur og valdsmannlegur þegar hann les, krefst þess að við hættum að hugleiða kökur og fylgjum honum inn í horfinn/fundinn heim. Með hverri bók mýkist áferð textans, sem rétt eins og í undanförmu bókum er fornfálegur og skringilega vandaður á einhvern hrifandi hátt. Skugga Baldur var svo sannarlega besta skáldsaga síðustu ára og ég hlakka til að lesa þessa nýju.

Vilborg Davíðsdóttir er búin að finna sitt sérsvið sem eru söguleg-

Í DAG JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

GUÐMUNDUR ANDRI
THORSSON



Hljóta það ekki að teljast ein helstu tíðindi þessa bókmenntaárs að Þórarinn Eldjárn skuli nú senda frá sér ljóðabók handa fullorðnu fólki?

ar spennusögur, vel skrifaðar og útfærðar, og ekki síður um vert að mikil rannsókn býr alltaf að baki svo að lesandi verður margs vísari - að þessu sinni um sambúð norræna manna og inúíta á Grænlandi á 15. öld, nokkru áður en við höfum síðast spurnir af þeim fyrrnefndu, og erum enn að velja því fyrir okkur hvað um þá varð. Vilborg las hæversklega en af festu og svo mikið gekk á í textanum að heyra mátti saumnál detta í litla menning-arhúsinu.

Eftir hlé lásu þeir Hallgrímur Helgason og Þórarinn Eldjárn. Hallgrímur fékk geysigóðar undirtektir með fjörugum lestri úr hinum undursamlega fyrri hluta Roklands, þar sem sérhver síða iðar af raunverulegu mannlífi og sérhvert orð er ritað af sorg yfir mönnum; og persónan Böddi Steingríms - þessi grettir - eins og aðalpersónan í Confederacy of dunces stóð í sporum kennarans í Dead poet society. Þegar Hallgrímur les fleygir hann sér fyrir fætur okkar; og að þessu sinni var það þakklátt hlutskipti fyrir hann að lesa því að salurinn var orðinn mjúkur og ástrikur. Þór-

arinn Eldjárn hafði nefnilega lesið á undan honum úr nýrri ljóðabók sinni, Hættir og mörk. Hljóta það ekki að teljast ein helstu tíðindi þessa bókmenntaárs að Þórarinn skuli nú senda frá sér ljóðabók handa fullorðnu fólki, þá fyrstu í fjöldamörgum ár? Skyldi fólk almennt vita af þessu? Þórarinn Eldjárn hefur stundum fengið þá gagnrýni - að þjóðlegum íslenskum sið - að hann sé eiginlega of góður. Of fyndinn, of hittinn, of hagur, of kjarnsær, of skiljanlegur. Ljóð hans hafa að geyma svo tæra hugsun að þau hitta okkur beint í hausinn, og sú hugsun er yfirleitt óvænt, ný: með öðrum orðum fyndin í allri merkingu þess góða orðs. Tilnefningahneykslið í ár er fjarvera þessarar bókar. Bókaár þegar bæði stórskáldi Þorsteinn frá Hamri og Þórarinn eru með bók - hlýtur það ekki að vera ár ljóðs-ins?

Þetta er gott bókaár. Ég hlakka til að lesa bók Kristjáns Þórðar Hrafnssonar, Hinir sterku og Jón Hallur er sagður hafa gert góða glæpasögu sem mig langar að kynna mér. Af ævisögum stendur bókin um Hannes Hafstein upp úr. Guðjóni Friðrikssyni er sérlega sýnt um að skrifa af sanngirni og réttsýni og hæfilegri innlifun - ég held að honum hafi tekist það sem frænda mínum Kristjáni Albertssyni tókst aldrei: að gera mig að heimastjórnamanni. Hins vegar verður Guðjón að fara að læra að nota þátið.

Talandi um frændur: Thorsarana eftir Guðmund Magnússon renndi ég líka yfir og fræddist um margt; greinargóð og fróðleg bók, þrýðilega skrifuð og læsileg. Að vísu fannst mér að heimildaöflun um mína privatgrein fjölskyldunnar, og heimilisbrag á Bergstaðastrætinu hjá afa og ömmu, hefði mátt vera vandaðri, en ég fæ vist engu ráðið um það...

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna
viðskiptablaðið**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íslen 1670-3871

"Bókin sem hittir í mark"

Eyjólfur Sverrisson,
landsliðsþjálfari í knattspyrnu



Með Lífið að láni er eftir sálfræðingana Jóhann Inga Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson sem eru sannkallaðir meistarar á sínu sviði.

2. sæti
Metsölulisti
Hagkaupa

"Bókin með lífið að láni hvetur lesendur til að staldra við og meta stöðuna í lífinu. Hún byggir á langri reynslu höfunda við að hlusta á og aðstoða fólk sem vill öðlast betri skilning og færni til að takast á við verkefni lífsins."

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor,
Háskólinn í Reykjavík

"Sjálfskraust í samskiptum er lykilatriði, Jóhann Ingi og Sæmundur fjalla um það á mannamáli í þessari góðu bók."

Sigmar Vilhjálmsson
Dagskrárgerðarmaður

"Með Lífið að láni er kærkominn leiðarvísir fyrir alla sem vilja rækta sinn innri mann og ná raunverulegum árangri í lífinu. Við hjá Toyota ákváðum strax að gefa öllu okkar starfsfólki eintak af bókinni. Kjarninn í góðri mannauðsstefnu er samankominn í þessari bók."

Fanný Bjarnadóttir, starfsmannastjóri Toyota

"Bókin gefur góð ráð varðandi ákvarðanatöku og markmiðasetningu sem ég get tekið undir heilshugar, að kunna að setja sér markmið er forsenda velgengni á öllum sviðum."

Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu

1.999 kr

Með lífið
að láni

NJÓTTU ÞESS!

Jóhann Ingi Gunnarsson
Sæmundur Hafsteinsson

Jóhann Ingi og Sæmundur árita
þriðjudaginn 13.12
kl. 19-20 í Smáralind

Bókin er auðveld aflestrar, grípandi og gagnleg. Þar má má finna lifandi og hnitmiðaðar lýsingar á spurningum, viðfangsefnum og aðferðum sem skipt geta sköpum í lífi þínu.

Með lífið að láni er kærkominn leiðarvísir fyrir alla sem hafa metnað til að ná árangri og njóta lífsins til fulls.



Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Oft var þörf en nú er nauðsyn

Að undanfögnu hefur verið vaxandi þungi í umræðu um málefni aldraðra í okkar þjóðfélagi. Þá umfjöllun má ekki síst rekja til málefna Sólvangs, sem komust rækilega í kastljósið fyrir nokkru. Þá sást glögg hversu enn er skammarlega staðið að húsnæðis- og dvalarmálum aldraðra og ekki aðeins í Hafnarfirði, heldur víða um land. Dapurlegast er ráðaleysið sem opinberir aðilar sýna í þessum málum.

Í tímans rás hafa samtök fólks sem vandinn brennur á, lyft grettistaki. Minna má á SÍBS, SÁÁ, Sjálfsbjargarfélagin og mikinn fjölda félaga aðstandenda, sem tengjast sjúkdómum og fötlun. Sum þessara félaga tengjast einstökum

dvalarheimilum fyrir aldraða og svo má ekki gleyma félögum eldri borgara.

Enn það hafa ekki verið stofnuð nein félög eða samtök aðstandenda aldraðra; fólks að stærstum hluta milli fimmtugs og sjötugs til að berjast fyrir bættum aðstæðum foreldra og nákominna ættingja. Hver og einn hefur háð sitt einkastríð í umhverfi, þar sem eftirspurnin er mun meiri en framboðið. Með hverju ári versnar ástandið með vaxandi fjölda aldraðra.

Nú hefur orðið til lítill en áhugasamur hópur í Hafnarfirði, sem boðar til undirbúningsfundar um stofnun félags aðstandenda aldraðra og verður fundurinn í Álfafelli við Strandgötu, fimmtudag-

inn 15. desember klukkan 20.00. Sá kunnir Hafnfirðingur, Jóhann G. Bergþórsson verður fundarstjóri og frummælendur verða: Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, Sigbrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri Sólvangs, Guðjón Baldursson, lækni slysa- og bráðadeildar Fossvogsspítala, Margrét Guðmundsdóttir, innan-hússarkitekt og myndlistarmaður og Reynir Ingibjartsson, sem þessar línur festir á blað. Vonandi vilja ýmsir tjá sig á fundinum og síðan á að kjósa undirbúningsnefnd til að ganga frá formlegri stofnun félags eftir áramótin.

Vonandi er flestum að verða ljóst að þörf er þjóðaráttaks í málum aldraðra hér á landi. Bráðast vantar hjúkrunarheimili, en mikill skortur er á hentugu húsnæði sem miðast við aðstæður hvers og eins. Slíkt húsnæði er hins vegar ekki eftir á lista byggingaraðila og hvergi er tiltækt nægt fjármagn svo hægt verði að flýta framkvæmdum. Svo virðist að það eigi að bíða eftir lausninni í kirkjugarðinum og önnur úrræði bíði ekki millistríðskynslóðarinnar svokölluðu.

Við viljum hvetja sem allra flesta sem eiga aldraða foreldra, að sýna hug sinn í þessu máli og koma á fundinn þann 15. desember. Og ekki sakar að foreldrarir

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRADRA



REYNIR INGIBJARTSSON

komi með, eigi þeir þess kost. Þá kæmu saman, kynslóðir millistríðs og eftirstríðs og það færi vel á því að kynslóðir sem kenndar eru við stríð, sigrist á þessu ástandi og kvitti fyrir sofandaháttinn, mitt í öllum allsnægtunum. Kannski gefum við okkur litla jólagjöf í leiðinni og lítum upp úr núinu, sem gleymir bæði fortíð og framtíð.

Sjáumst sem flest í íþróttahúsinu við Strandgötu - Álfafelli.

Höfundur er kortaútgefandi.

Jólapakkar ráðamanna

Nú fer í hönd tími jólahátíðarinnar og fylgir henni jafnan mikið flóð gjafa. Athygli Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar, hefur verið vakin á því að það tókist meðal ýmissa hagsmunaaðila að senda ráðamönnum í landinu góðar gjafir í tilefni jóllanna. Ungir jafnaðarmenn telja mikilvægt að upplýsingar um meðferð slíkra gjafa séu uppi á borðinu til að tryggja gegnsæi og að enginn vafi leiki á um hvort slíkar gjafir hafi áhrif á einstakar ákvarðanir eða stefnumótun.

Ungir jafnaðarmenn hafa því sent öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, forseta Alþingis og borgarstjórnarinnar í Reykjavík bréf þar sem óskað er eftir lista yfir allar þær gjafir sem þeir hafi þegið frá fyrirtækjum, hagsmunaaðilum og einstaklingum á árinu 2005 og áætlað verðmæti þeirra. Jafnframt óskuðu Ungir jafnaðarmenn eftir

upplýsingum um hvaða reglur gildi um slíkar gjafir hjá viðkomandi embættum. Séu engar sérstakar reglur í gildi hafa Ungir jafnaðarmenn óskað eftir því að fá að vita hvaða hefðir hafi ríkt um meðferð slíkra gjafa sem ráðherrar, forseti Alþingis og borgarstjóri veita viðtöku í krafti embætta sinna.

Það væri reyndar ástæða til að hvetja aðra kjörna fulltrúa, t.d. alþingismenn og borgarfulltrúa til að birta slíka lista sömuleiðis. Og hvað með forseta Íslands? Hvað verður um allar gjafirnar sem hann fær? Sérstaklega þarf jafnframt að beina þessum kröfum að formönnum allra stjórnmalaflokka, enda eru þeir jafnan valdamestu menn í landinu.

Rétt er að taka fram að við höfum afmarkað kröfu okkar um upplýsingar við þær gjafir sem gefnar eru til ráðamanna í krafti embætta þeirra.

Þetta á að sjálfsgöðu ekki við um hefðbundnar tækisfæringsgjafir, svo sem afmælis- eða jólagjafir milli fjölskyldu og vina.

Síðan mætti einnig velja fyrir sér hinu gagnstæða, þ.e.a.s. eru alþingismenn, svo dæmi sé tekið, að gefa kjósendum sínum gjafir til að reyna að afla sér fylgis? Hvað með það þegar alþingismenn senda jólakort á kostnað alþingis? Stjórnmalaflokkar gefa líka stundum gjafir - er þetta eðlilegt?

Markmið Ungra jafnaðarmanna er ekki að gefa í skyn að um spillingu að ræða, það er að stórfyrirtæki séu í raun að múta stjórnmalamönnum. Hér er aðeins verið að leita upplýsinga sem eðlilegt er að liggi á borðinu - það er listi yfir gjafir sem ráðamenn fá í krafti embætta sinna. Þetta er sömuleiðis ekki spurning um flokkapolítík. Ungir jafnaðarmenn gera sömu kröfur til sinna eigin flokksmanna

í þessum efnunum og allra annarra.

Ætlunin er heldur ekki að standa á móti hófstílltum gjöfum - miklu frekar er hugmyndin að upplýsingar liggi á borðinu, að minnsta kosti gagnvart starfsmönnum hins opinbera og kjörnum fulltrúum. Eins beri að velja fyrir sér, ef gjafirnar eru verðmætari en eitthvað ákveðið, að þær renni þá til samfélagslegra nota.

Mér finnst persónlega eðlilegt að miðað sé við ákveðið hámark á verðmæti slíkra gjafa sem kjörnar fulltrúar og aðrir opinberir starfsmenn megi veita viðtöku og nýta í eigin þágu. Það væri vissulega hressandi tilbreyting ef slíkar tilögur kæmu fram frá stjórnmalamönnum sjálfum.

Ég vil að lokum skora á viðkomandi aðila að koma fram sem fyrst og upplýsa um verðmæti og umfang þessarar gjafastarfsemi. Um er að ræða mál sem varðar hagsmuni

UMRÆÐAN
GJAFIR TIL STJÓRN-
MÁLAMANNA



ANDRÉS JÓNSSON

Ungir jafnaðarmenn hafa því sent öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, forseta alþingis og borgarstjórnarinnar í Reykjavík bréf þar sem óskað er eftir lista yfir allar þær gjafir sem þeir hafi þegið frá fyrirtækjum, hagsmunaaðilum og einstaklingum á árinu 2005 og áætlað verðmæti þeirra.

almenningis. Um það held ég að flestir hljóti að vera sammála.

Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.

Jólin! Já, jólin

Jólin eru á næsta leiti. Í gamla daga var sagt að þá færu börnin að hlakka til. Jólin eru tími barnanna og fjölskyldunnar allrar. Hvernig sem menn líta á þessa tíma í dag er sannleikurinn samt sá að á aðfangadag kemur heimilisfólkið saman og á sameiginlega stund það sem eftir lifir kvölds.

Þetta er síður sem ennþá er í heiðri hafður í landinu sem í raun er gullis ígildi. Að vísu er það rétt að margir eyða miklu og sumir ganga í gegnum alls konar erfiðleika í desember. En allur fjöldinn á góðan tíma sem hann ver með sínum nánustu. Þannig að réttnefni er að nefna jólin sem tíma fjölskyldunnar. Kannski eru jólin einu dagarnir á almanakinu sem tileinkaðir eru samveru fjölskyldunnar þar sem allt heimilisfólkið, eða þeir sem hafa möguleika, eru heima og deila með öðrum heimilismönnum í nokkrar klukkustundir.

